



Reykjavík, 27. maí 2021

R19110027

240

ívs

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Heilsuborgin Reykjavík – Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar til 2030

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021 var lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 17. maí 2021, varðandi drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030.

Borgarráð samþykkti að vísa drögum að lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030 til umsagnar fagráða Reykjavíkur.

Óskað er eftir að umsögn berist borgarráði innan fjögurra vikna.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Lýðheilsa og lífsgæði eru lykiláherslur í framtíðarsýn og áherslum borgarinnar á öllum sviðum. Það þýðir að Reykjavík á að vera sannkölluð heilsuborg, hvort sem litið er til hins andlega, líkamlega eða félagslega. Stefna Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að fjölga æviárum þar sem íbúar búa við góða heilsu og vellíðan. Hún hefur það markmið að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa í sátt og samlyndi. Áhersla er á forvarnir gegn hættu og vá en markið er sett hærra en að vera eingöngu laus við vandamál og hættu, og áhersla lögð á heilsueflingu þar sem markmiðið er góð heilsa og vellíðan allra borgarbúa.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Skipulags- og samgönguráð

Skóla- og frístundaráð

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Velferðarráð

Hjálagt:

Bréf borgarstjóra, dags. 17. maí 2021



Borgarráð

Heilsuborgin Reykjavík - Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030

Lögð eru fram til kynningar drög að lýðheilsustefnu Reykjavíkur til 2030: Heilsuborgin Reykjavík: „Borgin sem ég vil búa í“. Fyrirhugað er að drögin verði send fagráðum til rýni og lögð fyrir borgarstjórn til fyrri umræðu auk þess að vera birt opinberlega til samráðs á næstu vikum. Samráðsferlið mun standa yfir í sumar og fyrirhugað að tillaga að lýðheilsustefnu Reykjavíkur verði lögð fyrir borgarstjórn þegar hún kemur aftur saman í haust.

Kjarninn í stefnu Reykjavíkur á sviði lýðheilsu er að fjölga æviárum þar sem íbúar búa við góða heilsu og vellíðan. Hún hefur það markmið að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa.

Lýðheilsustefna Reykjavíkur er ein af meginstefnum borgarinnar og samofin öðrum stefnum hennar þar sem nær öll starfsemi borgarinnar hefur með beinum eða óbeinum hætti áhrif á heilsu og líðan borgarbúa. Lýðheilsustefnan styður m.a. við markmið Græna plansins sem er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 í því augnamiði að borgin verði efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbær.

Framtíðarsýn stefnunnar er að Reykjavík sé heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra.

Leiðarljós í starfsemi Reykjavíkur á sviði lýðheilsu er að áhersla á lýðheilsu sé ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur, starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma og valdi ekki skaða.

Meginmarkmið stefnunnar eru þrjú: 1. Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum, 2. Jöfnuður til heilsu og vellíðanar - engin skilin eftir og 3. Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar.

Eitt af aðal markmiðum stefnunnar er að tryggja vinnulag til framtíðar þar sem markvisst er hugað að því hvaða áhrif aðgerðir og stefnur borgarinnar hafa á heilsu og líðan borgarbúa. Lögð er áhersla á skýran ramma um lýðheilsustarf sem tryggir að aðgerðir byggir á gögnum og bestu þekkingu á hverjum tíma.

Reykjavík setur fram sína fyrstu lýðheilsustefnu á tímum sem einkennast af óvissu vegna COVID-19 faraldursins. Ljóst er að hann hefur þegar haft í för með sér breytingar á umhverfi og líðan borgarbúa til skemmri tíma en óvissa er um hve mikil langtímaáhrif hann mun hafa. Eitt af markmiðum lýðheilsustefnunnar er meta áhrif COVID-19 aðgerða á lýðheilsu með lýðheilsumati til að tryggja öryggi og heilsu borgarbúa og huga sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa.

Til að ná fram markmiðum lýðheilsustefnunnar er fyrirhugað að setja fram aðgerðaráætlun til tveggja ára í senn út frá stöðumati á hverjum tíma til að mæta helstu áskorunum sem snúa að heilsu og líðan borgarbúa. Fyrsta aðgerðaáætlun tekur til áranna 2021-2022 og telur yfir 30 aðgerðir sem fylgja með í drögum.

Til viðbótar við aðgerðaáætlun stefnunnar eru fjölmargar aðgerðir sem falla undir aðrar stefnur og málaflokka Reykjavíkurborgar en eru til þess fallnar að stuðla að bættri lýðheilsu í Reykjavík. Yfirlit yfir þessar aðgerðir og starfsemi má sjá í viðaukanum Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar.

Dagur B. Eggertsson


Hjálagt:

Heilsuborgin Reykjavík: „Borgin sem ég vil búa í“ - Lýðheilsustefna Reykjavíkur til 2030, drög maí 2021.



Heilsuborgin Reykjavík

– Borgin sem ég vil búa í





Lýðheilsa og lífsgæði eru lykiláherslur í framtíðarsýn og áherslum borgarinnar á öllum sviðum. Það þýðir að Reykjavík á að vera sannkölluð heilsuborg, hvort sem hvort sem litið er til hins andlega, líkamlega eða félagslega.

Við viljum öll eiga gott líf, njóta þess og vera hamingjusöm.

Stefna Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu er að fjölga æviárum þar sem íbúar búa við góða heilsu og vellíðan. Hún hefur það markmið að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í borg þar sem þeim finnst gott að búa í sátt og samlyndi. Áhersla er á forvarnir gegn hættu og vá en markið er sett hærra en vera eingöngu laus við vandamál og hættu, og áhersla lögð á heilsuefningu þar sem markmiðið er góð heilsa og vellíðan allra borgarbúa.

Lýðheilsustefna Reykjavíkur er ein af meginstefnum borgarinnar og samofin öðrum stefnum hennar þar sem nær öll starfsemi borgarinnar hefur með beinum eða óbeinum hætti áhrif á heilsu og líðan borgarbúa. Lýðheilsustefnan er hluti Græna plansins og styður við markmið þess um græna lífsgæðaborg. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 í því augnamiði að borgin verði efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbær.

Eitt af aðal markmiðum stefnunnar er því að tryggja vinnulag til framtíðar þar sem markvisst er hugað að því hvaða áhrif aðgerðir og stefnur borgarinnar hafa á heilsu og líðan borgarbúa. Lögð er áhersla á skýran ramma um lýðheilsustarf sem tryggir að aðgerðir byggji á gögnum og bestu þekkingu á hverjum tíma. Stefnt er að því að mæla heilsu, líðan og lifnaðarhætti reglubundið á öllum æviskeiðum og kynna fyrir borgarbúum. Jafnframt verður fylgst reglubundið með heilsu og líðan á öllum æviskeiðum og þeim þáttum sem hafa þar áhrif á ásamt því að meta árangur aðgerða og áætlana.

Reykjavík setur fram sína fyrstu lýðheilsustefnu á tímum sem einkennast af óvissu vegna Covid-19 faraldursins. Ljóst er að hann hefur þegar haft í för með sér breytingar á umhverfi og líðan borgarbúa til skemmri tíma en óvissa er um hve mikil langtímaáhrif hann mun hafa. Eitt af markmiðum lýðheilsustefnunnar er meta áhrif Covid-19 aðgerða og eftirkasta faraldursins á lýðheilsu með lýðheilsumati til að tryggja öryggi og heilsu borgarbúa og huga sérstaklega að þörfum viðkvæmra hópa.

Til að ná fram markmiðum lýðheilsustefnunnar er aðgerðaráætlun um heilsuefningu og forvarnir sett fram á 2 ára fresti út frá stöðumati á hverjum tíma til að mæta helstu áskorunum sem snúa að heilsu og líðan borgarbúa.



1. Forsendur lýðheilsustefnu
2. Framtíðarsýn og leiðarljós
3. Meginmarkmið og áherslur
4. Aðgerðaáætlun 2021-2022
5. Viðaukar

Forsendur lýðheilsustefnu - ítarefni

Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Mótun lýðheilsustefnu

Erindisbréf starfshóps

Lýðheilsumat – Skilgreining og tegundir

Stöðumat fyrir áherslur

Lýðheilsuvísar Reykjavíkur

Úr viðauka með aðalskipulagi
Reykjavíkur - Heilsuborgin

Hugtök og skilgreiningar

Heilsa

„Heilsa er líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan en ekki einungis það að vera laus við sjúkdóma og örorku“ (WHO, 1948).

Heilsuefling og forvarnir

Heilsuefling snýst um að efla það sem er gott fyrir líkama og sál (heilsa og vellíðan) og forvarnir um að sporna gegn því sem er óæskilegt (áhættuhegðun, sjúkdómar, slys) með markvissri vinnu með verndandi þætti.

Heilsulæsi

Heilsulæsi er getan til að taka traustar ákvarðanir um heilsu í daglegu lífi, á heimilum, í samfélaginu, á vinnustað, í heilbrigðiskerfinu, í verslun og viðskiptum og á pólitískum vettvangi (Kickbusch, 2006).

Jöfnuður

Jöfnuður til heilsu snýst um að allir hafi jöfn tækifæri til að varðveita og bæta heilsu sína án tillits til bakgrunns eða stöðu.


Lýðheilsa

„Lýðheilsustarf felur í sér markvissar aðgerðir hins opinbera og annarra sem miða að því viðhalda og bæta heilsu, líðan og lífsgæði þjóða og þjóðfélagshópa með m.a. heilsueflingu og forvörnum“ (WHO, 1988).

Vellíðan

Að líða vel, að ná að takast á við áskoranir daglegs lífs á uppbyggjandi hátt og vera virkur þátttakandi í samfélaginu (Huppert, 2005).

1. Forsendur lýðheilsustefnu



Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi
– með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri

September 2016



Meginmarkmið og áherslur lýðheilsustefnu Reykjavíkur byggja á áhrifaþáttum heilbrigðis og vellíðanar, með áherslu á félagslega áhrifaþætti heilsu, og samræmast meðal annars:

- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til ársins 2030 um félagslega, umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni.
- Lýðheilsustefnu velferðarráðuneytisins og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi.
- Heilsueflandi samfélagi Embættis landlæknis, áherslum og tengdu starfi.
- Sex þeimum Kaupmannahafnarsamkomulagsins hjá WHO Healthy Cities.
- Græna planinu, sóknaráætlun Reykjavíkurborgar til 2030 og öðrum lykilstefnum borgarinnar.

| Nánar er fjallað um forsendur stefnunnar í viðauka.



Framtíðarsýn

Reykjavík er heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra.

Leiðarljós í starfsemi Reykjavíkur á sviði lýðheilsu

Áhersla á lýðheilsu er ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur, starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma og veldur ekki skaða.

Gildi í lýðheilsustarfi Reykjavíkurborgar eru:

JÖFNUÐUR – FAGMENNSKA – VELLÍÐAN – SAMVINNA

Samantekt á meginmarkmiðum

3. Meginmarkmið og áherslur til 2030

1

Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum

- a) Heilsueflandi borg (fólk og staðir)
- b) Fyrirmyndarborg í **forvörnum**
- c) Borgarþróun fyrir heilsu fólks og **jörðina**



2

Jöfnuður til heilsu og vellíðanar – engin skilin eftir

- a) **Jöfnuður**
- b) **Þátttaka** allra
- c) Öryggi og **friður**



3

Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

- a) **Samstarf** um heilbrigða borg
- b) Lýðheilsustarf byggt á gögnum og reglulegum **mælingum**
- c) Sjálfbært **velsældarhagkerfi**



1. Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum



Litið er til áhrifapátta heilbrigðis og vellíðanar í lýðheilsustarfi í Reykjavík sem unnið er að á öllum sviðum borgarinnar.

Áherslur:

- Heilsueflandi borg
- Fyrirmyndarborg í forvörnum
- Borgarþróun fyrir heilsu fólks og jörðina

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



Í Reykjavík er markvisst unnið að því að skapa umhverfi og aðstæður sem hafa jákvæð áhrif á heilsu, líðan og lifnaðarhætti allra borgarbúa.

1.a. Heilsueflandi borg

Unnið er markvisst með áhrifapætti heilbrigðis yfir æviskeiðið, m.a. í gegnum Heilsueflandi nálganir (samfélag, leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli, frístundastarf, hverfi, vinnustaður, aldraðir).

Unnið er að bættri heilsu og vellíðan á öllum æviskeiðum, þar sem sérstaklega er hugað að tveimur mikilvægum tímabilum:

Börn og ungmenni

Þar er grunnurinn lagður að framtíðarheilsu einstaklingsins

Grundvallað á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Aldraðir

Sístækkandi og fjölbreyttur hópur sem gæta þarf sérstaklega að svo þau geti lifað innihaldsríku og virku lífi sem lengst

Grundvallað á Aldursvænum borgum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar

Sérstök áhersla er lögð á :

Geðrækt, hreyfingu, næringu, svefnvenjur, félagsfærni, kynheilbrigði og endurheimt tíma til að njóta lífsins

- Mikilvægir áhrifapættir heilsu sem vert er að huga sérstaklega að í ört breytilegu borgarsamfélagi nútímans

Heilsulæsi

- Hæfni einstaklinga til að standa vörð um eigin heilbrigði, að gera fólki betur kleift að taka jákvæðar ákvarðanir varðandi heilsu sína og líðan, m.a. með tómsundamenntun um hvernig megi nýta frítímann á jákvæðan og uppbyggilegan hátt

Holla valið er auðvelt, það óholla erfiðara

Reykjavíkurborg sem vinnustaður

- Stuðlar markvisst að heilsueflandi vinnuumhverfi á starfsstöðum með það að leiðarljósi að styðja starfsfólk við að efla heilsu, auka vellíðan og efla starfshæfni

Mælikvarðar: Gátlistar Heilsueflandi samfélags, lýðheilsuvísar EL og RVK, skólakannanir R&G, hagir og líðan eldri borgara, borgara. Veikindafjarvistir starfsfólks, starfsánægja starfsfólks.

1.b. Fyrirmyndarborg í forvörnum

Borgin vinnur að forvörnum á öllum æviskeiðum gegn áhættuhegðun, sjúkdómum, ofbeldi, slysum og annarri vá.

Í öllu sínu forvarnarstarfi byggir Reykjavíkurborg á samfélagsmiðaðri nálgun og víðtæku samstarfi margra aðila.

Áfram verður unnið eftir þessari árangursríku aðferðafræði í forvörnum gegn áhættuhegðun barna og unglunga sem byggir á rannsóknargögnum, hún þróuð og styrkt inn í framtíðina, samhliða síbreytilegum áskorunum á þessum viðkvæmu mótunarárum í lífi borgarbúa.

Sérstök áhersla er lögð á verndandi þætti gegn áhættuhegðun barna og unglunga:

Samveru fjölskyldunnar og foreldrastuðning

Þátttöku í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi

Almenna virkni barna og unglunga út frá eigin styrkleikum

Félagsfærni, sjálfsvirðingu og virðingu fyrir öðrum

Samvinnu lykilaðila í nærumhverfi, s.s. skóla, frístundastarfs, þjónustumiðstöðva, foreldrafélaga, lögreglu, heilsugæslu, íþróttafélaga o.fl.

Samstöðu um að virða útivistartíma (og önnur lög sem snúa að börnum og unglungum)

Jákvæð lífsgildi og heilbrigðan lífsstíl

Snemmtæka íhlutun

Mælikvarðar: Lýðheilsuvísar EL og Rvk, Skólakannanir R&G, gátlistar Heilsueflandi leik- og grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva, mælikvarðar menntastefnu, mælikvarðar íþróttastefnu Rvk

1.c. Borgarþróun fyrir heilsu fólks og jörðina

Í Reykjavík er lögð áhersla á að borgarskipulag og manngert og náttúrulegt umhverfi auki lífsgæði íbúa og vellíðan.

Í Reykjavík hafa íbúar gott aðgengi að náttúru, grænum svæðum, menningarstarfsemi, sundlaugum og annarri aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Reykjavík er skipulögð með heilsu og sjálfbærni að leiðarljósi, þar sem áhersla er lögð á eflingu hverfa án þess að gengið sé á græn svæði, bættar almenningssamgöngur og innviði fyrir virka samgöngumáta. Reykjavík verði kolefnishlutlaus árið 2040.

Sérstök áhersla er lögð á :

Sjálfbær og heilsueflandi hverfi með ríkum félagsauði, þar sem atvinnu og þjónustu má finna í nærumhverfinu

- Með því bætum við lífsgæði, samheldni og aðgengi að ýmiss konar þjónustu og starfsemi auk þess að stytta ferðatíma fólks

Eflingu virkra samgöngumáta, sem bæta bæði heilsu og loftgæði

- Með því hvetjum við til hreyfingar og heilsueflandi athafna og drögum úr kolefnisútblæstri sem er ein helsta ógnin við heilsu fólks

Bætt loftgæði, sem unnið verður að með sívöktun loftgæða og loftgæðastefnu til lengri tíma

- Með bættum loftgæðum er dregið úr langvinnum sjúkdómum og ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar

Heilnæmt umhverfi, sem er undirstaða lýðheilsu

- Með verndun lífríkis, vatns- og umhverfisgæða stuðlum við að vistvænni og mannvænni aðlögun að loftslagsbreytingum og sköpum skilyrði fyrir því að komandi kynslóðir geti búið í heilnæmu umhverfi sem fólki og lífríki stendur ekki ógn af

Mælikvarðar: Lýðheilsuvísar RVK, gátlistar Heilsueflandi samfélags, mælikvarðar loftslagsstefnu og aðalskipulags Reykjavíkur, lykiltölur umhverfis- og skipulagssviðs.



2. Jöfnuður til heilsu og vellíðanar

– Engin skilin eftir

Áherslur:

- a. Jöfnuður
- b. Þátttaka allra
- c. Öryggi og friður

10 AUKINN
JÖFNUÐUR



Í Reykjavík er jöfnuður til heilsu lagður til grundvallar í öllu starfi borgarinnar, grunnþarfir, öryggi og mannréttindi íbúa eru tryggð, og engin skilin eftir.

2.a. Jöfnuður

Í Reykjavík einkennist samfélagið af jöfnuði og öllum er gert kleift að lifa innihaldsríku lífi og uppfylla möguleika sína. Viðkvæmum og jaðarsettum hópum er mætt í samræmi við þarfir þeirra og meiri áhersla lögð á að bæta aðstæður þeirra sem búa við erfiðustu aðstæðurnar.

Sérstök áhersla er lögð á :

Að uppfylla **grunnþarfir íbúa á öllum æviskeiðum**

Allir geta framfleytt sér með atvinnu eða stuðningi og enginn býr við sára fátækt

Öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, og húsnæðisstuðning fyrir efnaminni leigjendur

- Allir eiga í einhver hús að venda og til staðar er fjölbreytt framboð húsnæðis fyrir alla félagshópa

Þekkingu á viðkvæmum og jaðarsettum hópum í borginni og hverjar þarfir þeirra eru

- Þörfum þeirra er mætt með viðeigandi aðgerðum, valdeflingu og skaðaminnkun og í samráði við þau sjálf

■ **Mælikvarðar t.d.:** Fjölgun íbúða og húsnæðisúrræða samkvæmt Húsnæðisáætlun og aðalskipulagi, lýðheilsuvísar, lykiltölur velferðarsviðs, borgarvísar í atvinnu- og velferðarmálum, mælikvarðar menntastefnu

2.b. Þátttaka allra

Í Reykjavík er markvisst unnið að því að virkja alla til þátttöku í samfélaginu á eigin forsendum og að gera öllum kleift að hafa áhrif á samfélagið sem þau búa í. Með því er áhersla lögð á að heilbrigt samfélag þrífst á fjölbreytileika og þátttöku allskonar fólks.

Sérstök áhersla er lögð á :

Að ná til **viðkvæmra og jaðarsettra hópa** í hvers kyns lýðræðis-, félags- og menningarstarfsemi

- Með því drögum við úr ójöfnuði og aukum traust og félagsauð í samfélaginu

Að vinna gegn **einmanaleika og félagslegri einangrun** fólks á öllum aldri

- Að draga úr einmanaleika og einangrun stuðlar að bættri heilsu og aukinni þátttöku í samfélaginu og þar með samheldni

Aðgengi fyrir alla

- Aðgengi fyrir alla á að vera aðalsmerki borgarinnar og algild hönnun höfð að leiðarljósi þar sem þjónusta er hönnuð út frá notandanum. Aðgengi að upplýsingum og þjónustu er hannað með aðgengi allra í huga og manggert umhverfi borgarinnar einnig svo að allir geti tekið þátt og notið þess sem borgin hefur upp á að bjóða

2.c. Öryggi og friður

Reykjavík er örugg borg þar sem mannréttindi eru virt og stuðlað er að friði.

Áhersla er jafnframt lögð á að borgin tryggi almannaheill vegna náttúruvár, farsóttu eða þegar annars konar hættuástand skapast, með það að leiðarljósi að vernda andlega, líkamlega og félagslega heilsu, umhverfi og innviði samfélagsins.

Sérstök áhersla er lögð á :

Traustar almannavarnir sem halda nauðsynlegustu starfsemi órofinni

- Þegar hættuástand skapast er neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjuð og sérstaklega er **hugað að þörfum og áhrifum á viðkvæma hópa**. Unnið er samkvæmt viðbragðsáætlun neyðarstjórnar sem fjallar um skipulag, virkjun, samhæfingu og stjórn aðgerða við hvaða áfalli, hættu- og neyðarástandi sem upp getur komið

Öryggi, friður og mannréttindi fyrir alla

- Allir hafa rétt á að lifa við frið og öryggi og án þess að frelsi þeirra sé skert eða að búa við ógn, áreiti eða ofbeldi af einhverju tagi. Með því er unnið gegn fordómum, jaðarsetningu og öðrum þáttum sem geta hindrað fólk í að skapa sér gott líf

■ **Mælikvarðar:** Borgarvísar í atvinnu- og velferðarmálum, mælikvarðar mannréttindastefnu (í vinnslu), gátlistar Heilsueflandi samfélags. Auk þess er tekið mið af skilgreiningum skv. áhættumati fyrir höfuðborgarsvæðið og almannavarnarstigum.



3. Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

Áherslur:

- Samstarf um heilbrigða borg.
- Lýðheilsustarf byggt á gögnum og reglulegum mælingum
- Sjálfbært velsældarhagkerfi

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



Í Reykjavík er lögð áhersla á að allar starfseiningar og aðrir hagaðilar innan og utan borgarinnar, s.s. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, vinni markvisst saman, á grundvelli bestu þekkingar og reynslu, að bættri heilsu og vellíðan allra.

3.a. Samstarf um heilbrigða borg

Til staðar er umgjörð og vinnulag sem tryggir öflugt samstarf innan borgar, aðkomu allra hagsmunaaðila og skýra hlutverkaskipan með það að markmiði að heilsa og vellíðan borgarbúa sé höfð að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku og starfi borgarinnar.

Sérstök áhersla er lögð á :

Markvisst lýðheilsustarf sem byggir á bestu þekkingu, í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós lýðheilsustefnunnar

- Umgjörð og vinnulag sem stuðla að góðum gæðum lýðheilsustarfs í borginni til framtíðar

Skipulagt samstarf innan borgarkerfisins

s.s. á milli ólíkra fagsviða og skrifstofa, miðlægt og sem og í hverfum

- Við erum öll að vinna að sama markmiði með fjölbreyttum hætti

Samstarf og samráð við heilsugæsluna og aðra hagaðila

- Með fjölbreyttri fagþekkingu, reynslu og innsýn í þarfir er komin sú liðsheild sem þarf til að skapa borgina sem við viljum búa í

Samstarf við borgarbúa, sem eru sérfræðingarnir í eigin heilsu

- Til viðbótar við opinbert lýðheilsustarf þurfa einstaklingar að taka ábyrgð á eigin heilsu, eflingu félagsauðs og á því að vinna að bættri lýðheilsuvinna með hinu opinbera hvers hlutverk á að vera að styðja við sjálfsprottið félags- og lýðheilsustarf í hverfum

Markvisst lýðheilsustarf Reykjavíkurborgar



Samstarf um heilbrigða borg

Stýrihópur Heilsuborgarsamtaka

Skipaður fulltrúum yfirstjórnar Reykjavíkurborgar, skv. skilyrðum samtakanna, auk fulltrúa frá Embætti landlæknis.

Hlutverk: Stýrihópur fyrir aðild Reykjavíkurborgar að Healthy Cities.

Faghópur um lýðheilsu

Skipaður verkefnastjóra lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, verkefnastjórum félagsauðs og frístunda í þjónustumiðstöðvum, fulltrúum fagsviða, fulltrúa forvarna- hóps, fulltrúum Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Hittist mánaðarlega, í þeirri mynd sem hæfir hverju sinni.

Hlutverk: Stýrihópur Heilsueflandi samfélags, sem styður við innleiðingu lýðheilsustefnu og kemur að endurskoðun aðgerðaáætlunar hennar.

Markvisst lýðheilsustarf Reykjavíkurborgar



1. Stöðumat/þarfagreining – heildstætt

- Lýðheilsuvísar, aðrir mælikvarðar og gögn - Mælaborð lýðheilsu
- Gátlistar HSAM, skóla og vinnustaða
- Kortlagning
- Samráð

2. Stefnumótun - þessi stefna gildir til 2030

- Endurskoðuð eftir þörfum
- Mikil tengsl við aðrar stefnur og áætlanir borgarinnar

3. Aðgerðaáætlun - til ársloka 2023

- Forgangsröðun út frá stöðumati, tengt fjárhagsáætlun
- Endurskoðuð og uppfærð á tveggja ára fresti

4. Innleiðing aðgerða

- Ferilmat – Staða innleiðingar.
- Árangursmat

Markvisst lýðheilsustarf í samræmi við markmið og leiðarljós HSAM

Umgjörð um markvisst lýðheilsustarf í Reykjavík:

- Stýrihópur heilsuborgarsamtaka
- Faghópur um lýðheilsu, sem er jafnframt stýrihópur Heilsueflandi samfélags (HSAM)
- Aðrir hópar

Vettvangar og verkfæri:

- Lýðheilsuvísar, aðrir mælikvarðar og gögn
- Heilsueflandi.is kerfið og gátlistar HSAM
- Vinnustofur og fundir
- Ráðgjöf og stuðningsefni
- Heilsueflandi skólar og vinnustaðir

1. **Stöðumat: heilsa, vellíðan, lifnaðarhættir og aðrir áhrifaþættir heilbrigðis**
Hvað er gott? Hvað má bæta?

2. **Stefnumótun: Framtíðarsýn og meginmarkmið**

5. **Mat á framvindu**

4. **Innleiðing aðgerða**

3. **Aðgerðaáætlun**
Forgangsröðun



3.b. Lýðheilsustarf byggt á gögnum og reglulegum mælingum

Hágæða gögnum er safnað og þau markvisst nýtt í stefnumótun, áætlanagerð og aðgerðum. Auk þess er framkvæmt lýðheilsumat á viðeigandi stefnum og áætlunum.

Sérstök áhersla er lögð á :

Að birta reglulega mælingar á heilsu og líðan í mælaborði borgarbúa eftir kynjum og fleiri breytum

Lýðheilsuvísa sem gefnir eru út árlega

Að gefa skýra mynd af stöðu lýðheilsu í borginni – það sem við mælum fær athygli

Að lýðheilsuvísar og önnur **gögn eru undirstaða stefnumótunar og aðgerða** í lýðheilsustarfi borgarinnar

- Fylgst verður með og brugðist hratt við, hvort sem þörf er á almennum eða sértækari lausnum

Lýðheilsumat er þróað fyrir borgina og því beitt á stefnur og áætlanir eftir þörfum

- Meðvitund um áhrif ákvarðana á heilsu allra íbúa

3.c. Sjálfbært velsældarhagkerfi

Vellíðan borgaranna knýr efnahagslega velmegun, stöðugleika og seiglu, með áherslu á fólk, réttlæti og sjálfbærni.

Sérstök áhersla er lögð á :

Lífsgæði fólks

Grundvöllur stefnumótunar í borginni

Félagslegt réttlæti

Borgarhagkerfið hverfist um jöfnuð, aðgengi, þátttöku og réttindi íbúanna

Félagslega, umhverfislega og efnahagslega sjálfbærni

- Komandi kynslóðir eiga líka möguleika á að lifa við góða heilsu
- Velsældarhagkerfi er í grunninn hagkerfi þar sem horft er til fleiri vísa eða mælikvarða en hagvaxtar og þjóðarframleiðslu, t.d. lífsgæða íbúa, jöfnuðar og sjálfbærrar uppbyggingar samfélaga



Aðgerðaáætlun lýðheilsustefnu

2021-2022



Aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu 2021-2022



Fyrsta aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu Reykjavíkur nær til ársloka 2022 og er áhersla á reglubundna endurskoðun hennar. Framtíðarsýn, meginmarkmið og áherslur stefnunnar voru hafðar til hliðsjónar við mótun aðgerðaáætlunar.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð aðgerðaáætluninni í samvinnu við fagsvið þar sem við á.

Endurskoðun aðgerðaáætlunar er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samvinnu við fagsvið, stýrihóp og faghóp Reykjavíkurborgar um lýðheilsu.

Við innleiðingu og endurskoðun aðgerðaáætlunar verður einnig viðhaft samstarf við ýmsa samstarfsaðila og ber þar helst að nefna Embætti Landlæknis.

Til viðbótar við aðgerðaáætlun stefnunnar eru fjölmargar aðgerðir sem falla undir aðrar stefnur og málaflokka Reykjavíkurborgar en eru til þess fallnar að stuðla að bættri lýðheilsu í Reykjavík. Yfirlit yfir þessar aðgerðir og starfsemi má sjá í viðaukanum Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar. Slíkt yfirlit verður aldrei tæmandi.

Yfirlit markmiða og aðgerða

Meginmarkmið

Bætt heilsa og vellíðan á öllum æviskeiðum

Jöfnuður til heilsu og vellíðanar - engin skilin eftir

Heilsa og vellíðan er vegvísir í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

Áherslur

Heilsueflandi borg

Fyrirmyndarborg í forvörnum

Borgarþróun fyrir heilsu fólks og jörðina

Jöfnuður

Þátttaka allra

Öryggi og friður

Samstarf um heilbrigða borg

Lýðheilsustarf byggt á gögnum og reglulegum mælingum

Sjálfbært velsældarhagkerfi

Aðgerðir

Lýðheilsusjóður heilsueflandi hverfa

Hugum að fyrstu árum barnsins

Byggjum grunn að bættri félagsfærni

Fræðsluáttak um heilsulæsi og lýðheilsu í Reykjavík

Bætt félagsfærni barna

Vinnustaðir Reykjavíkurborgar heilsueflandi fyrir 2025

Innleiðing gátlista Heilsueflandi samfélags

Allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsheimili heilsueflandi fyrir 2025

Mikilvægi svefnis fyrir heilsu og líðan

Gerum holla valið auðvelda valið

Heilsuefling aldraðra og aldursvæn borg

Mótun forvarnaráætlunar 2021-2025

Aðgerðaráætlun um bættu líðan ungmenna

Virk þátttaka 16-25 ára ungmenna

Bætt loftgæði – Stefna og aðgerðir

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2021-2025

Umferðaröryggisáætlun og hámarkshraðaáætlun

Framfylgd Aðalskipulags og lýðheilsa

Innleiðing matarstefnu Reykjavíkurborgar

Rannsókn á félagslegu landslagi og greining viðkvæmra hópa í Reykjavík

Rannsókn á ójöfnuði í heilsu eftir hverfum í Reykjavík

Hinseginleiki og lýðheilsa

Frístundir í Breiðholti – tilraunaverkefni til að auka þátttöku í frístundastarfi

Atvinnu- og virkniúrræði

Aðgerðir gegn einmanaleika – kortlagning og mótun aðgerðaáætlunar

Almannavarnir - Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og viðbragðsáætlanir

Þátttaka í lýðheilsuborgarsamtökum Evrópu og skipan stýrihóps Reykjavíkur

Faghópur um lýðheilsu

Heilsa og líðan eftir Covid - Starfshópur um greiningu gagna um heilsu og líðan

Lýðheilsuvísar og mælaborð Reykjavíkur - Þróun og innleiðing

Lýðheilsumat Reykjavíkur - Þróun og innleiðing

Lýðheilsugátlistar í hverfisskipulagi - Þróun og innleiðing

Skilgreining á birtingu mælikvarða sem varða sjálfbært velsældarhagkerfi og aðlögun þeirra að mælikvörðum lýðheilsustefnu, ISO-37120 og mælaborði borgarbúa

1.1 Lýðheilsusjóður Heilsueflandi hverfa

Aðgerð:

Reykjavíkurborg er virkur þátttakandi í starfi Embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag, og er í þéttu samstarfi við Embætti landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og önnur sveitarfélög um bestu framkvæmd og þróun starfsins. Innleiðing Heilsueflandi samfélags styður við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Heilsueflandi samfélag í Reykjavík er unnið að miklu leyti í gegnum þjónustumiðstöðvar borgarinnar undir yfirskriftinni Heilsueflandi hverfi.

Í tilraunaskyni árin 2021-2022 er komið á fót lýðheilsusjóði Heilsueflandi hverfa þar sem árlega er 30 milljónum úthlutað til þjónustumiðstöðva í framkvæmd verkefnisins, sem deilist skv. íbúafjölda. Taka skal mið af markmiðum Heilsueflandi samfélags við ráðstöfun fjármuna og áhersla lögð á sýnileika verkefnisins. Verkefnastjórar sem sjá um framkvæmd verkefnisins á þjónustumiðstöðinni bera ábyrgð á úthlutun skv. úthlutunarreglum sjóðsins og skila yfirliti með rökstuðningi í lok október ár hvert.

Ábyrgð:

Velferðarsvið í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Markhópur:

Almenningur.

Tilraunaverkefni 2021-2022.

Kostnaður:

30 milljónir á ári.

Mælikvarði:

Lýðheilsuvísar og gátlistar HSAM.

1.2 Innleiðing gátlista Heilsueflandi samfélags

Aðgerð:

Vinnsla gátlista á vefnum www.heilsueflandi.is er veigamikill hluti af markvissu heilsueflingarstarfi innan Heilsueflandi samfélags. Yfirferð þeirra veitir innsýn í stöðuna og í framhaldi eru þeir vinnutæki til að halda utan um starfið og meta framvindu þess.

Reykjavíkurborg hefur sex mismunandi aðganga að vinnusvæðinu, á tveimur mismunandi stigum. Einn aðgangur er á ábyrgð verkefnastjóra lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara þar sem lagt er mat á stöðu borgarinnar í heild sinni.

Þjónustumiðstöðvar borgarinnar hafa svo hver sinn aðgang, á ábyrgð þeirra verkefnastjóra sem starfa

við heilsueflingu og forvarnir, þar sem lagt er mat á stöðuna í þeim hverfum sem miðstöðinni tilheyra.

Fylla þarf út alla gátlistana sjö og draga í þeim grunnlínu. Miðað er við að þessu verði lokið 30. júní 2022. Þá skal velja einn eða fleiri gátlista til að vinna með næsta árið. Í lok hvers tímabils (fyrir 30. júní) er farið yfir þau atriði í þeim gátlista sem unnið var með og merkt aftur við ef breyting hefur orðið. 30. júní 2023 ætti þá að vera búið að draga grunnlínu í öllum gátlistum og vinna eitt heilt tímabil með ákveðna gátlista, og teljast gátlistarnir þá að fullu innleiddir í markvisst lýðheilsustarf borgarinnar og skulu nýttir á þann hátt þar til tekin er ákvörðun um annað.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og velferðarsvið.

Markhópur: Almennigur.

Áætluð verklok:
30. júní 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Að dregin hafi verið grunnlína allra lista og unnið með einhverja þeirra eitt tímabil.

1.3 Hugum að fyrstu árum barnsins

Aðgerð:

Eitt af formennskuverkefnum Íslands í tengslum við Norrænu ráðherranefndina snýst um að skoða hvernig unnið er að því innan Norðurlandanna að efla geðheilsu og vellíðan á fyrstu æviárum barna. Tveir liðir í aðgerðaáætlun verkefnisins heyra undir sveitarfélög og verða framkvæmdir hjá Reykjavíkurborg.

1. Stöðugleiki í mönnun leikskóla

Ráðist hefur verið í markvissar aðgerðir til að efla starfsánægju, draga úr vinnuálagi og stemma stigu við starfsmannaveltu og manneklu í leikskólum borgarinnar á undanförunum árum á grunni tillagna sem unnar voru í náninni samvinnu við starfsfólk, stéttarfélög og stjórnendur leikskóla.

24% starfsfólks sem starfar við uppeldi og menntun barna á leikskólum í Reykjavík eru leikskólakennarar (leikskólastjórar teljast ekki þar með). Þriðjungur starfsfólks er með aðra háskólamenntun og hluti hefur menntun sem leikskólaliðar, oft með töluverða reynslu. Engu að síður er umtalsverð starfsmannavelta á fyrsta skólastiginu.

2. Umhverfi sem styður vellíðan í leikskólum

Farið hefur fram heildstæð greining á húsnæði og starfsaðstæðum í leikskólum borgarinnar m.t.t. þrengsla, loftgæða og hljóðvistar, auk útisvæða en gæði og útfærsla þessara þátta geta stuðlað að eða hamlað vellíðan barna og starfsfólks. Mikilvægt er að þessum úttektum og verkefnum sem af þeim leiða sé forgangsraðað og fylgt eftir.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.

Markhópur: Börn á leikskólaaldri.

Áætluð verklok: 2025.

Kostnaður: Í vinnslu.

Mælikvarði: Minni starfsmannavelta í leikskólum og meiri starfsánægja starfsmanna leikskóla.

1.4 Byggjum grunn að bættri félagsfærni

Efla vinatengsl og skólatengsl:

Aðgerð:

Unnið verði markvisst að því að efla félagsfærni barna og unglunga í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Rannsóknir hafa til að mynda sýnt fram á að íslensk börn eiga erfitt með að eignast vini vegna þess að þau skortir sjálfstraustið til þess (UNICEF Report Card 16), líðan nemenda í 6.-10. bekk í Reykjavík, sem og annars staðar á landinu, hefur dalað töluvert á undanförunum sex árum (Skólapúlsinn) og hlutfall unglunga í 8.-10. bekk sem meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða hefur minnkað frá febrúar 2020 til febrúar 2021 (Rannsóknir og greining, feb. 2021).

Aðgerðir sem gripið verður til:

1. Stöðugleiki í mönnun frístundaheimila og félagsmiðstöðva

Ráðist hefur verið í markvissar aðgerðir til að fjölga fagmenntuðum tómstunda- og félagsmálafræðingum, efla starfsánægju, draga úr vinnuálagi og stemma stigu við starfsmannaveltu og manneklu í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum borgarinnar.

Frístundafræðingum sem starfa einnig á starfstíma grunnskóla verði fjölgað. Greina þarf stöðu innan einstakra skóla á grundvelli

fyrirliggjandi gagna og forgangsraða verkefnum og aðgerðum í samræmi við niðurstöður í góðu samstarfi skóla- og frístundastarfsólks, auk þess sem íþrótt-, æskulýðsfélög og listaskólar geta gegnt hlutverki við að hlúa að einstaklingum eða völdum hópum. Líðan barna er mismunandi eftir grunnskólum (Skólapúlsinn) og mikilvægt að bregðast fljótt við í skólum sem þurfa á meiri aðstoð að halda en aðrir.

2. Umhverfi sem styður vellíðan í frístundastarfi

Á grundvelli menntastefnu borgarinnar fari fram stefnumörkun og samvinnu og samstarf skóla- og frístundastarfs í heildstæðum degi barna, hvort sem vettvangur barnsins er innan skóla, í frístundastarfi á vegum borgarinnar, íþróttafélaga, listaskóla eða annarra. Sérstaklega skal hugað að einstaklingum eða hópum sem sýnt er að skorti félagslega færni en ástæða er til að ætla að fari á mis við það fjölbreytta frístundaframboð og faglega starf sem er í boði í hverfum borgarinnar.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið.

Markhópur: Börn og unglingar.

Áætluð verklok: 2025.

Kostnaður: Í vinnslu.

Mælikvarði: Mælingar í menntastefnu borgarinnar, þ.e. félagsfærni meðal barna og unglunga og gögn um þátttöku í skipulögðu frístundastarfi með notkun frístundakortsins og skv. rannsóknum Rannsókn- og greiningar.

1.5 Allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar heilsueflandi fyrir 2025

Aðgerð:

Árið 2025 er markmiðið að allir leik- og grunnskólar, og frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði orðin virkir þátttakendur í viðeigandi Heilsueflandi verkefnum embættis landlæknis. Með virkum þátttakendum er átt við að þau nýti sér vefsvæði verkefnanna og gátlista til að þróa og vakta heilsueflingarstarf sitt.

Í byrjun árs 2021 voru 35 leikskólar af 64 í Reykjavík þátttakendur í Heilsueflandi leikskólum, 27 grunnskólar af 38 þátttakendur í Heilsueflandi grunnskóla, auk þess sem stór hluti félagsmiðstöðva og frístundaheimila taka þátt í heilsueflandi verkefnum.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið.

Markhópur: Börn og ungmenni.

Áætluð verklok: Árslok 2025.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Hlutfall leik- og grunnskóla, frístunda- og félagsheimila sem eru þátttakendur í Heilsueflandi verkefnum Embættis Landlæknis. Gátlistar verkefnanna.

1.6 Vinnustaðir Reykjavíkurborgar heilsueflandi fyrir 2025

Aðgerð:

Verkefni Embættis landlæknis um Heilsueflandi vinnustaði byggir á sömu hugmyndafræði og verkefni um Heilsueflandi samfélag, og Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Heilsuefling á vinnustöðum er sameiginlegt viðfangsefni vinnuveitenda, starfsmanna og samfélagsins alls, með það markmið að stuðla að betri heilsu og vellíðan starfsfólks, fyrirbyggja streitu, kulnun og minnka brottfall af vinnumarkaði. Með verkefninu er stefnt að því að bæta vinnuskipulag og starfsumhverfi, hvetja til virkrar þátttöku og stuðla að áframhaldandi þroska einstaklingsins.

Bæði starfsfólk og vinnuveitendur hafa ávinning af því að vinnustaðir séu heilsueflandi. Starfsfólk í formi færri slysa og sjúkdóma, bættrar heilsu og aukinni vellíðan og starfsánægju, og vinnuveitendur í fækkun veikindadaga og fjarvista starfsfólks, minni starfsmannaveltu og aukinni framleiðni og nýsköpun.

Stefnt er að því að allir vinnustaðir Reykjavíkurborgar séu orðnir virkir þátttakendur í Heilsueflandi vinnustaðir við árslok 2025 og þeir hvattir og studdir til þess. Í því felst að búið sé að skrifa undir samning um þátttöku, og að verið sé að nýta gátlista og önnur verkfæri verkefnisins með markvissum hætti.

Ábyrgð: Mannauðs- og starfsumhverfissvið.

Markhópur: Starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Áætluð verklok: Árslok 2025.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Hlutfall vinnustaða Reykjavíkurborgar sem eru þátttakendur í verkefninu Heilsueflandi vinnustaður. Gátlisti verkefnisins. Innleiðing heilsustefnu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar sé lokið.

1.7 Heilsuefling aldraðra og aldursvæn borg

Aðgerð:

Innleitt verður sama vinnulag við heilsueflingu og forvarnir eldri borgara og beitt er við forvarnir barna og ungmenna. Þannig verður unnið að því að safna reglulegum gögnum um hagi og líðan eldri borgara til að meta helstu styrkleika og áskoranir og vinna aðgerðaráætlun út frá helstu áskorunum hverju sinni, sem uppfærð verður á 24 mánaða fresti.

Starfshópur um heilsueflingu aldraðra skilaði árið 2016 aðgerðaáætlun í 26 liðum og á sama tíma skilaði stýrihópur um aldurvæna borg, í kjölfar rásfundar verkefnisins tillögum í 13 liðum með alls 45 verkefnum. Hluta þessara verkefna hefur þegar verið hrint í framkvæmd, en ljúka þarf innleiðingu

þeirra, með uppfærðri forgangsröðun aðgerða, í samráði við öldungaráð og Félag eldri borgara í Reykjavík, aldraðra í Reykjavík, aðstandendur þeirra og helstu hagsmunasamtök. Haldinn verður þjóðfundur í byrjun vetrar 2021, líkt rásfundinum sem haldinn var 2016, til samráðs um forgangsröðun aðgerða næstu ár.

Verkefnið verður unnið m.t.t. skýrslu heilbrigðisráðuneytis um heilsueflingu aldraðra frá janúar 2021.

Stefnt er að því að nýrri forgangsröðun aðgerða og gerð almennrar aðgerðaáætlunar í málaflokknum til 24 mánaða verði lokið 1. júní 2022.

Ábyrgð: Velferðarsvið, í samstarfi við íþróttá- og tómstundasvið og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Markhópur: Eldra fólk.

Áætluð verklok: 1. júní 2022.

Kostnaður: 600 þúsund vegna þjóðfundar.

Mælikvarði: Hagir og líðan eldri borgara, lýðheilsuvísar.

1.8 Fræðsluáttak um lýðheilsu og heilsulæsi

Aðgerð:

Heilsulæsi gerir fólki kleift að taka jákvæðar ákvarðanir fyrir heilsu sína og líðan. Það felur í sér ákveðið stig þekkingar, persónulega færni og sjálfstraust til að grípa til aðgerða til að bæta heilsu einstaklinga og samfélagshópa með því að breyta persónulegum lifnaðarháttum og lífsskilyrðum.

Aðgerðin felur í sér að a) fræðslu til að auka heilsulæsi í borginni með vitundarvakningu um það sem hefur áhrif á heilsu og hvað hægt sé að gera til að efla hana og b) upplýsingagjöf um hvernig markmið og aðgerðir borgarinnar í borgarþróun og skipulagsmálum og öðrum málaflokkum er ætlað að stuðla að bættri lýðheilsu.

Gerð verður birtingaráætlun og m.a. verða búin til veggspjöld til dreifingar og stutt og aðgengileg myndbönd til uppsetningar í myndbandabanka Reykjavíkur og til dreifingar, m.a. á samfélagsmiðlum og póstlistum, um helstu áhrifaþætti m.a. um sykurneyslu, svefn, samveru, hreyfingu, geðrækt, borgarþróun, tómstundamenntun o.s.frv. Leita skal samstarfs og samvinnu við Embætti landlæknis, önnur heilsueflandi sveitarfélög o.s.frv. svo efnið nýtist sem best.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við fagsvið borgarinnar eftir þörfum.

Markhópur: Almennir borgarar.

Áætluð verklok: Fræðsluefni tilbúið til birtingar við árslok 2021.

Kostnaður: Kostnaður áætlaður 5 m.kr. við framleiðslu og birtingu efnis.

Mælikvarði: Fræðsluefni hefur verið framleitt og birt skv. áætlun.

1.9 Mikilvægi svefns fyrir heilsu og líðan

Aðgerð:

Að meta árangur af mismunandi inngripum til að bæta svefn meðal barna og ungmenna.

Skólum verður skipt í 4 hópa, einn hópur seinkar upphafi skóladags og fær markvissa fræðslu um svefn, annar hópur seinkar skólabyrjun en fær ekki fræðslu, þriðji hópurinn er með venjulega skólabyrjun en fær fræðslu og síðasti hópurinn fær ekki fræðslu og er með hefðbundna skólabyrjun. Með því að skoða þessa 4 hópa er hægt að meta hvaða inngrip skila hvaða árangri.

Í svefni á sér stað viðgerðarferli og úrvinnsla upplýsinga sem er nauðsynleg til að börn þroskist og dafni eðlilega, auk þess sem vansvefta ungmenni sýna lakari framleiðni yfir daginn. Það er því til mikils að vinna að bæta svefn ungmenna á Íslandi, sem er styttri en í nágrannalöndunum skv. rannsóknum. Verkefnið byggir á rannsóknum um svefn og árangri fræðsluinngripa í skólum. Sérfræðingar á sviði svefnrannsókna munu sníða fræðsluefni sem hentar vel til kennslu í skólum.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við skóla- og frístundasvið og velferðarsvið.

Samstarfsaðilar: Embætti Landlæknis og Betri svefn.

Markhópur: Börn og ungmenni.

Áætluð verklok: Maí 2022.

Kostnaður: Styrkur frá Lýðheilsusjóði 1.000.000, að öðru leyti innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Svefnmælar, reglulegar kannanir R&G, Skólapúlsinn.

1.10 Mótun forvarnaráætlunar 2021–2025

Aðgerð:

Mótuð verði forvarnaráætlun sem undiráætlun lýðheilsustefnu og velferðarstefnu. Vinnsla áætlunarinnar verði á ábyrgð velferðarsviðs en unnin í samstarfi við skóla- og frístundasvið, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og önnur fagsvið borgarinnar. Sérstaklega verði hugað að samhæfingu við menntastefnu, stefnu Reykjavíkurborgar um frístundaþjónustu, íþróttastefnu og verkefnum Heilsueflandi samfélags. Áætlunin verði byggð á bestu gögnum og á grundvelli breiðrar samvinnu. Aðkoma íþróttabandalags Reykjavíkur og öðrum viðeigandi hagsmunaaðilum að áætluninni verði jafnframt tryggð.

Meðal annars verði hugað að verndandi þáttum sem áherslu innan forvarnaráætlunar en rannsóknir hafa sýnt okkur að þeir skipta mestu máli varðandi forvarnir meðal barna og unglunga.

Áherslur forvarnaráætlunar verði tengdar skóla- og frístundastarfi borgarinnar og öðru frístundastarfi innan hennar og tryggi borgarbúum heilsueflandi og jákvæð viðfangsefni í frítímanum.

Hugað verði að hlutverki samráðshóps um forvarnir í forvarnaráætluninni og hvernig megi tryggja umboð hans til að fylgja eftir áherslum og aðgerðum áætlunarinnar.

Á grundvelli forvarnaráætlunar verði unnar forvarnaráætlanir borgarhlutanna sem allar stofnanir borgarinnar og nærsamfélagið innan hvers borgarhluta koma að. Það þarf heilt þorp til að ala upp barn. Þá verði einnig kallað eftir samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við útfærslu forvarnaráætlunar.

Allir grunnskólar vinna forvarnaráætlun samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla sem skulu tengdar forvarnaráætlun Reykjavíkurborgar.

Ábyrgð: Velferðarsvið í samstarfi við skóla- og frístundasvið, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fagsvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2021.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Forvarnaráætlun samþykkt.

1.11 Aðgerðaráætlun um bætta líðan ungmenna

Aðgerð:

Ein af grunnstoðum menntunar skv. aðalnámskrá og menntastefnu Reykjavíkurborgar er heilbrigði og velferð. Rannsóknir hafa sýnt að líðan ungmenna hefur farið hrakandi á síðustu árum. Til að snúa þeirri þróun við eru skólar og frístundaheimili borgarinnar hvött til að setja fram aðgerðaráætlun til tveggja ára til að bæta líðan ungmenna.

Mikilvægt er að aðgerðirnar séu gagnreyndar og má í því samhengi benda á skýrslu um geðrækt í skólum þar sem farið er yfir árangursmat á því

námsefni sem í boði er á íslensku. Þar kemur meðal annars fram góður árangur námsefnisins Vinir Zippýs.

Rannsóknir á núvitundarkennslu í skólum benda einnig til góðs árangurs og í Lýðheilsustefnu ríkisins til ársins 2030 er aðgerð sem snýr að innleiðingu á núvitund í skólum.

Einnig má benda á nýtt gagnreynt námsefni eins og Upright og DAM sem verður aðgengilegt árið 2022.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið í samstarfi við velferðarsvið.

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis.

Markhópur: Börn og ungmenni.

Áætluð verklok: Desember 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Reglulegar kannanir R&G og Skólapúlsins.

1.12 Aðgerðaáætlun um bætta félagsfærni barna

Aðgerð:

Menntastefna Reykjavíkur: Einn af grundvallarþáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar er efling félagsfærni meðal barna og unglunga. Skóla- og frístundasvið mun halda áfram að vinna með þann grundvallarþátt í öllu sínu starfi í gegnum starfsáætlanir starfsstaða, nýta gátlista um félagsfærni og verkfærakistu auk þróunarsjóðs menntastefnunnar.

Efla foreldratengsl: Unnið verði markvisst að því að efla tengsl foreldra og barna. Rannsóknir sýna að samskipti við foreldra skipta höfuðmáli á nær öllum sviðum í lífi barna og unglunga og hafa gríðarmikil áhrif á heilsu og vellíðan þeirra. Rannsóknir sýna að ef foreldrar setja skýrar reglur og hafa miklar væntingar til barna sinna og unglunga í bland við hlýju, virðingu og opin samskipti, þá leiðir það til meiri áhuga og árangurs í námi og starfi en einnig til minni hættu á depurð og kvíða.

Ráðist verði í öflugt fræðsluáttak til foreldra barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi þar sem foreldrar fá fræðslu sem snýr að verndandi þáttum í uppeldi barna. Fræðslan verði markviss og henti hverju aldurskeið barnanna sem um ræðir hverju sinni. Fræðsluátakið verði unnið í samstarfi við Samfok, Samleik-R og foreldrafélög leikskóla og grunnskóla í borginni.

Vegvísir varðandi eflingu félagsfærni/félagstengsl meðal barna og unglunga:

Stofna samstarfshóp til að kortleggja vegferð félagslegs þroska og færni barna á hverju aldurskeiði í skóla- og frístundastarfi. Afurðin verður vegvísir með vörðum og hugmyndum að verkfærum fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi með það fyrir augum að þjálfa félagsfærni barnanna á markvissan hátt m.t.t. þroska þeirra á hverju aldurskeiði fyrir sig.

Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið í samstarfi við velferðarsvið.

Markhópur: Börn og unglingar

Áætluð verklok: Menntastefna Reykjavíkur gildir til 2030.

Kostnaður: 1 milljón vegna fræðsluátaks til foreldra. Annað rúmast innan fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs.

Mælikvarði: Mælingar félagsfærni í menntastefnu Reykjavíkur sem gerðar eru árlega.

1.13 Bætt loftgæði – Stefna og aðgerðir

Aðgerð:

Reykjavík leggi metnað í góð loftgæði og setji sér heildstæða loftgæðastefnu sem feli í sér langtímamarkmið og horfi einnig til sívöktunar loftgæða og til þess með hvaða aðgerðum megi bregðast skjótt við þá daga og tímabil þar sem loftgæði eru slæm.

Stefna og aðgerðir byggja á eftirfarandi markmiðum: 1. Halda svifryksmengun innan lögbundinna marka, 2. Minnka hlutfall negldra dekkja, 3. Orkuskipti, 4. Breyting á ferðavenjum.

Stefna og aðgerðir feli í sér áherslur til að draga úr ótímabundnum dauðsföllum af völdum loftmengunar og í henni verði dregnar saman þær langtímaaðgerðir sem eru í gangi á mörgum sviðum í stefnumarkandi skjali.

Aðgerðaáætlun feli í sér bæði beinar og óbeinar stýringar- aðgerðir. Hún verði einnig uppfærð á grundvelli nýrra umferðarlaga og horft til samstarfs á höfuðborgarsvæðinu og hugmynda og aðgerða sem gripið hefur verið til í nágrenna- borgum og Evrópu, s.s. varðandi nagladekk og hraða umferðar. Jafnframt verði stefnt að samstarfi við umhverfis- stofnun um að fjölga loftgæðamælum í Reykjavík.

Aðgerðaáætlunin verði samræmd viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem hefur það markmið að skilgreina skammtímaaðgerðir til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði í borginni í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1998 og 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, með síðari breytingum og áætlun um loftgæði á Íslandi, „Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði 2018-2029.“

Ábyrgð:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgar- ritara. Samráð verði haft við hagsmuna- aðila við mótun stefnunnar.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2021.

Kostnaður:

Kostnaður við mótun stefnunnar er innan fjárhagsramma en kostnaðarmeta þarf aðgerðaáætlun þegar hún liggur fyrir.

Mælikvarði: Nagladekkjanotkun, loftgæði skv. mælum, svifryk innan lögbundinna marka og skv. heilsuverndarmörkum og fjöldi ótímabærra dauðsfalla. Mælikvarðar um ferðavenjur.


1.14 Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2021-2025

Aðgerð:

Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar er leiðarvísir að því hvert verður haldið næstu fimm árin til að vinda ofan af loftslagsbreytingum af manna-völdum og koma í veg fyrir hamfarir sem af þeim hlýst. Markmiðið með aðgerðunum er að Reykjavíkurborg leggi sitt af mörkum til að markmið Parísarsamkomulagsins um að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5 °C náist. Þá stefnir Reykjavíkurborg að kolefnishlutleysi árið 2040. Loftslagsáætlun 2021 - 2025 endurspeglar þá víðtæku nálgun og breidd verkefna sem þarf til að umbreyting eigi sér stað í átt að kolefnishlutlausu samfélagi.

Í stefnunni eru sett fram 6 meginmarkmið og 3 styðjandi flokkar þvert á meginmarkmiðin.

Fimmtán meginaðgerðir hafa verið skilgreindar og miða þær að því að draga úr kolefnislosun um tæp 300.000 tonn fyrir árið 2030. Hér má sjá nánari upplýsingar um [loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar](#).



Ábyrgð:
Umhverfis- og skipulagssvið.

Markhópur:
Almenn aðgerð.

Áætluð verklok:
2025.

Kostnaður:
Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði:
Mælikvarðar loftslagsáætlunar.

1.15 Umferðaröryggisáætlun og hámarkshraðaáætlun

Aðgerð:

Framkvæmd umferðaröryggisáætlunar og hámarkshraðaáætlunar Reykjavíkurborgar 2019–2023:

Stefnt er á að Reykjavíkurborg taki upp núllsýn í umferðaröryggismálum, þ.e. þá langtímasýn að enginn hljóti varanlegt heilsutjón sökum umferðarslysa.

Markmið Reykjavíkurborgar í umferðaröryggismálum 2019–2023:

1. Banaslysum fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við fjölda banaslysa árána 2012–2016. Ekki verði fleiri en fimm banaslys árin 2019–2023.
2. Alvarlegum slysum fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við meðaltal árána 2012–2016. Ekki verði fleiri en 194 alvarleg slys árin 2019–2023.
3. Alvarlegum slysum á börnum (0–17 ára) í umferðinni fækki um 10% á tímabilinu 2019–2023, miðað við árin 2012–2016. Ekki verði fleiri en 43 alvarleg slys á börnum árin 2019–2023.
4. Reykjavíkurborg taki upp núllsýn sem grundvöll vinnu sinnar við umferðaröryggismál á gildistíma áætlunarinnar.
5. Reykjavík sé fyrirmynd annarra sveitarfélaga í umferðaröryggismálum á Íslandi.

Þessi tölulegu markmið samsvara því að fjöldi þessara slysa verði um 25% minni við lok gildistíma öryggisáætlunarinnar en í upphafi hans.

Núllsýnin var kynnt í Svíþjóð árið 1997 og byggir á þeim grundvallarhugsunarhætti að það sé siðferðislega óásættanlegt að einstaklingar tapi heilsunni varanlega sökum umferðarslysa (Tingvall og Haworth, 1999). Oft er núllsýnin skilgreind sem svo að enginn eigi að slasast alvarlega eða látast í umferðinni. Samkvæmt þessari hugmyndafræði er ekki réttlætanlegt að fórn heilsu vegfarenda fyrir aðra hagsmuni samfélagsins, t.d. eins og minni tafir.

Almennar aðgerðir umferðaröryggisáætlunar:

1. Umferðaröryggisrýni fari fram á nýrri hönnun í samgöngukerfinu sem og nýjum skipulagsáætlunum. Meðal annars lagt mat á öryggi barna og möguleika þeirra til að uppfylla samgönguþarfir sínar.
2. Núverandi innviðir rýndir, þar sem það á við, út frá umferðaröryggissjónarmiðum og aðferðarfræði öruggs kerfis. Aðgerðir ákvarðaðar samhliða umferðaröryggisrýni sem geta meðal annars falið í sér breytingu á útfærslu eða aðlögun á hámarkshraða til að fækka slysum og draga úr alvarleika þeirra.
3. Áframhaldandi vinna við gerð umferðaröryggisáætlana fyrir grunnskóla.
4. Innleiðing Núllsýnar sem grundvallarhugmyndafræði í þróun umferðaröryggismála í Reykjavík.

Ábyrgð: Umhverfis – og skipulagssvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: 2023.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Mælikvarðar umferðaröryggisáætlunar.

1.16 Framfylgd aðalskipulags og lýðheilsa

Aðgerð:

Mikilvægur liður í því að tryggja góða lýðheilsu í Reykjavík og fylgja markvisst eftir markmiðum lýðheilsustefnu, er að setja metnaðarfull markmið um gæði byggðar í aðalskipulagi. Skipulagsstefna sem leggur til grundvallar hugmyndafræði um sjálfbæra borgarþróun, líkt og aðalskipulagið gerir, styður í leiðinni við framfylgd lýðheilsustefnu.

Fjöldmargir þættir í aðalskipulagi borgarinnar skipta máli við að skapa heilsuborg og vinna gegn áhrifaþáttum sjúkdóma. Sem dæmi eru ferðavenjur og samgöngumátar, umferðarslys og loftgæði nátengd samgöngustefnu aðalskipulagsins. Aðgengi að grænum svæðum, sundlaugum, íþróttamannvirkjum og aðstöðu til útivistar í öllum hverfum skiptir líka miklu máli. Markmið um félagslega blöndum og jöfnuð gegna lykilhlutverki til að auka traust, félagsauð og vinna gegn áhrifum ójafnaðar, sem er einn sterkasti áhrifaþáttur vanheilsu og sjúkdóma.

Hreint loft, góð dagsbirta innan íbúða, góð loftræsting, útsýni til náttúrunnar og nálægð við sólrík dvalarsvæði og fallegan og gróskumikinn gróður gerir okkur gott líkamlega og andlega og eflir lýðheilsuna. Það sama gerir umhverfi sem er jafnan friðsælt, kyrrlátt og öruggt. En Lýðheilsa íbúanna er sannarlega einnig háð því að umhverfið og mannlífsflóran sé fjölbreytt, hverfið sé litríkt og iði af mannlífi og að margvísleg verslun og þjónusta, veitingastaðir, afþreying og starfsemi séu í göngufæri við heimilið. Það getur til dæmis unnið gegn félagslegri einangrun og einmanaleika.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Verklök: Staðfesting aðalskipulags haust 2021 og árleg vöktun með framfylgd markmiða.

Kostnaður: Kostnaður við móttöku stefnunnar er innan fjárhagsramma. Markmiðum aðalskipulags er framfylgt með aðgerðaáætlunum í margvíslegum málaflokkum á viðkomandi sviðum.

Mælikvarðar: Meðal mælikvarða sem eru og verða vaktaðir :

- Hlutfall íbúa í innan við 300 m göngufjarlægð frá útivistarsvæði
- Stærð (og fjöldi) grenndar matjurtagarða
- Fjöldi nemenda innan við 400 m frá grunnskóla
- Fjöldi íbúa innan við 1000 m frá heilsugæslu
- Fjöldi bekkja í almenningsrýmum
- Hlutfall íbúða á vegum húsnæðisfélaga
- Fjöldi íbúa innan við 400 m frá biðstöð almenningsamgangna

Sjá nánar greinargerð Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 tillaga).

1.16 Framfylgd aðalskipulags og lýðheilsa – Framhald

Í aðalskipulagi til ársins 2040 (tillaga) eru sett háleitari markmið um gæði íbúðarbyggðar og um lífvænlegt borgarsamfélag. Í leiðarljósi þess segir eftirfarandi: Stuðla að kröftugum og sjálfbærum vexti borgar sem styður við markmið um kolefnishlutleysi, vernd náttúrusvæða, líffræðilega fjölbreytni og um samkeppnishæft, lífvænlegt, réttlátt og fjölbreytt borgarsamfélag.

Í nýjum megin markmiðum aðalskipulagsins segir m.a:

- Lýðheilsa borgarbúa verði ávallt höfð að leiðarljósi við skipulagningu og hönnun borgarumhverfisins. Skipulag hverfa örvi almennt hreyfingu, samveru, mannlíf og vistvænar ferðavenjur.
- Að íbúar allra hverfa borgarinnar hafi gott aðgengi að grænum svæðum og fjölbreyttum almenningssýmum. Lagður verði sérstakur metnaður í eflingu almenningssýma innan eldri hverfa sem og nýrra; við hönnun stærri og minni torga, göngugatna, smærri andrýma og gróðursvæða, stærri útivistarsvæða, leik- og íþróttasvæða og almennt dvalarsvæða fyrir alla aldurs- og félagshópa.

- Við skipulagningu og hönnun íbúðarbyggðar verði gæði húsnæðisins og nærumhverfis þess í fyrirrúmi. Í því samhengi þarf horfa sérstaklega til birtuskilyrða, hljóðgæða og loftgæða innandyrna sem og í inngörðum. Tryggja þarf að ákveðið lágmarkshlutfall lóða verði gróðursæl og sólrík útissvæði.
- Að skapa sjálfbær og heilbrigð borgarhverfi þar sem allir félagshópar hafa tækifæri til búsetu. Þróaðar verði sterkar hverfisheildir sem standi undir grunnþjónustu, öflugri verslun og þjónustu, íþrótt- og frístundastarfsemi og fjölbreyttu mannlífi. Atvinnutækifærum innan hverfa verði fjölgað og atvinnukjarnar í grennd við einsleit íbúðarhverfi verði styrktir.

Framfylgd markmiða aðalskipulags verða sem fyrr vöktuð með árlegri skýrslugerð og mælikvarðavinnu.

1.17 Innleiðing matarstefnu Reykjavíkurborgar

Aðgerð:

Matarstefna Reykjavíkur var samþykkt í borgarstjórn 15. maí 2018. Meginmarkmið með mótun matarstefnu er að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðapjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni. Samþykkt var í borgarstjórn 3. september 2019 að skipa stýrihóp um innleiðingu matarstefnu Reykjavíkurborgar en haustið 2019 var lokið við að framkvæma um þriðjung aðgerða stefnunnar.

Hlutverk stýrihópsins var að vinna áætlun um innleiðingu á matarstefnu Reykjavíkurborgar, þ.e. tillögur að forgangsröðun og útfærslu aðgerðaáætlunar ásamt verk-, tíma- og kostnaðaráætlunum.

Framkvæmd innleiðingaráætlunar matarstefnu hefur nán tengsl við Lýðheilsustefnu Reykjavíkur og er skilgreind sem ein af þeim aðgerðum sem veitt verður eftirfylgni við innleiðingu Lýðheilsustefnu. Á meðal þeirra aðgerða sem áhersla verður lögð á er næring og starfsemi mötuneyta, einkum í leik- og grunnskólum borgarinnar.

Ábyrgð: Stýrihópur um innleiðingu matarstefnu.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Óskilgreint.

Kostnaður: 10 mkr. samþykktar í borgarstjórn 15. desember 2020 til innleiðingar matarstefnu.

Mælikvarði: Mælikvarðar matarstefnu.

1.18 Gerum holla valið auðvelda valið

Aðgerð:

Aðgerðir til að auðvelda fólki að nálgast og velja hollan kost í borginni. Dregið verður úr aðgengi að sykrudum og öðrum óhollum vörum á borð við orkudrykki hjá Reykjavíkurborg auk þess sem borgin beitir sér fyrir því að hið sama verði gert hjá samstarfsaðilum og einkaaðilum innan borgarinnar:

- Uppstilling og framboð í mötuneytum á vegum Reykjavíkurborgar verður yfirfarin með það í huga að holla valið sé auðvelda valið og að dregið verði úr aðgengi að sykrudum og óhollum vörum.
- Uppstilling og framboð í veitingasölu í stofnunum Reykjavíkurborgar verður yfirfarin með það í huga að holla valið sé auðvelda valið og að dregið verði úr aðgengi að sykrudum og óhollum vörum.

- Leitað verður eftir samstarfi við Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþróttafélög innan borgarinnar um að gera holla valið auðveldara í íþróttahúsum, á íþróttaviðburðum og í öðru starfi þeirra. Útbúið sé kynningarefni um hvað sé gott að hafa í huga við slíkar tilfæringar, og hvað gætu verið góðir kostir sem hluti af vöruúrvali á slíkum stöðum.
- Leitað verður eftir samstarfi við matvöruverslanir í borginni, og aðrar verslanir eftir aðstæðum, um að haga uppstillingu og vöruúrvali þannig að holla valið sé auðvelda valið.

Ábyrgð: Faghópur um lýðheilsu.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma. 10 mkr. samþykktar í borgarstjórn 15. desember 2020 til innleiðingar matarstefnu.

Mælikvarði: Fjöldi samstarfsaðila um breytta nálgun í framboði og framsetningu sykraðra vara.

1.19 Virk þátttaka 16–25 ára ungmenna – Starfshópur

Aðgerð:

Skipaður verði starfshópur sem yfirfari **Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri** og það sem fram kemur um frístunda og félagsstarf fyrir +16 ára í **Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025** og geri tillögur að forgangsaðgerðum fyrir þennan hóp.

Jafnframt geri starfshópurinn tillögur að betra utanumhaldi og eftirfylgni með ungmennum sem fara hvorki í framhaldsskóla né á vinnumarkað eftir grunnskóla. Skilgreindir verði aðilar sem hafi það hlutverk að virkja þessa einstaklinga til þátttöku í samfélaginu.

Ábyrgð: Hitt húsið (Íþrótt- og tómstundasvið), þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs, í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Markhópur: 16–25 ára ungmenni.

Áætluð verklok: Árslok 2021.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Skil skýrslu og tillagna hópsins.

2.1 Rannsókn á félagslegu landslagi og greining viðkvæmra hópa í Reykjavík

Aðgerð:

Rannsókn á félagslegu landslagi, tekjudreifingu og framlagi til samneyslunnar í Reykjavík 2000–2019.

Markmið rannsóknarinnar er að greina félagslegt landslag í Reykjavík út frá dreifingu lífskjara, bæði innan og á milli hverfa og íbúahópa þar sem jafngildar ráðstöfunartekjur eru notaðar sem lífskjaramæling.

Í rannsókninni er lögð sérstök áhersla á hvernig landslagið hefur breyst yfir tíma frá árinu 2000, m.t.t. til þess hvort svæðisbundin skipting eftir lífskjörum hefur breyst og að hvaða leyti sú skipting tengist klösun (e. clustering) bakgrunnspátta eftir hverfum, en slíka þróun má greina í mörgum borgum á Vesturlöndum samkvæmt erlendum rannsóknum. Slíkt misræmi hefur einnig leitt til misræmis á milli hverfa, í staðbundnum vandamálum, þjónustu og stuðningi af hálfu borgaryfirvalda.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara. Rannsókn og skýrsla unnin af Kolbeini Stefánssyni (verksali).

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Lokaskil á skýrslu árslok 2021.

Kostnaður: Kostnaðarmat er 2.85 mkr sem skiptist í 1,8 mkr vegna vinnu verksala og 1.050 þúsund kostnaður vegna gagnaöflunar Hagstofu Íslands.

Mælikvarði: Lokaskýrslu skilað til Reykjavíkurborgar.

2.2 Rannsókn á ójöfnuði í heilsu eftir hverfum í Reykjavík

Aðgerð:

Rannsókn á ójöfnuði í heilsu eftir hverfum í Reykjavík með það að markmiði að skoða hvort sé til staðar ójöfnuður í heilsu eftir hverfum í Reykjavík, samkvæmt gögnum úr könnun Embættis landlæknis Heilsa og líðan Íslendinga frá 2017.

Til að komast að því er kannað hvort það sé marktækur munur á mati á eigin líkamlegri og andlegri heilsu eftir hverfum. Einnig er kannað hvort það sé marktækur munur á upplifun þátttakenda á eigin hverfi, hvort þeim þyki

eftirsóknarvert að búa þar sem þeir búa, hvort þeir séu ánægðir með þjónustu fyrir íbúa, hvort þeir eigi vini í hverfinu eða óttist glæpi þar sem þeir búa. Þessar niðurstöður eru svo bornar saman til að sjá hvort það sé samband á milli heilsu þátttakenda og búsetu þeirra.

Í verkefninu verða niðurstöðurnar settar í samhengi við fyrri rannsóknir á ójöfnuði á Íslandi og sérstaklega heilsu og búsetu tengdum.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara. Rannsókn og skýrsla unnin af Hugrónu Snorradóttur meistaranema í Lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Mars 2021.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lokaskýrslu skilað til Reykjavíkurborgar.

2.3 Hinseginleiki og lýðheilsa

Aðgerð:

a. Tekið verið mið af hinseginleika í öllum könnunum um lýðheilsu

Að spurt er um hinseginleika (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni) í öllum könnunum sem ávarpa lýðheilsu íbúa Reykjavíkurborgar, á öllum aldurstigum. Þannig mun hver og ein könnun vera útbúin með spurningum um hinseginleika fyrir árslok 2022.

Leitast verður eftir því að þróa viðeigandi spurningar til að spyrja um mismunandi hinsegin breytur og ólík fjölskylduform þar sem við á, með hliðsjón af markhópnum, aldri hans og þroska sem og af persónuverndarlögum. Þannig verður ávallt hægt að nálgast gögn um lýðheilsu greind eftir hinseginleika.

Með því móti verður hægt að aðlaga, breyta og bæta þjónustu þannig að hún taki mið af stöðu og þörfum hinsegin fólks og vinni að bættri lýðheilsu þeirra. Í framhaldinu verði samtál um stöðu hinsegin fólks og aðgerðir á þessu sviði.

b. Rannsókn á heilsu og líðan hinsegin fólks

Framkvæma rannsókn á heilsu og líðan hinsegin fólks, með sérstaka áherslu á andlega líðan, áfengis- og vímuefnaneyslu og upplifun af ofbeldi, samanborið við líðan síð gagnkynhneigðra, byggð á gögnum

úr könnun Embætti landlæknis Heilsa og líðan Íslendinga frá 2017. Í þeirri könnun var spurt um kynhneigð og var möguleiki á hlutlausri kynskráningu.

Markmiðið er að komast að því hvort almenn heilsa og líðan hinsegin fólks sé ólík heilsu og líðan síð gagnkynhneigðra, með sérstaka áherslu á áfengis- og vímuefnaneyslu og upplifun af ofbeldi. Enda sýna erlendar rannsóknir ítrekað fram á að heilsa og líðan hinsegin fólks sé marktækt verri en annarra og eru sterkar vísbendingar um hið sama í íslensku samfélagi.

Til að komast að því er kannað hvort það sé marktækur munur á mati á eigin líkamlegri og andlegri heilsu eftir kynhneigð og kynskráningu. Einnig verða niðurstöður skoðaðar eftir aldri og búsetu og aðrir áhrifapættir greindir.

Í rannsókninni verða niðurstöðurnar settar í samhengi við stöðu hinsegin fólks, bæði hvað varðar réttarstöðu og út frá hinseginfræðilegum kenningum. Niðurstöður verði rýndar með það í huga að útbúa tillögur um hvernig megi bæta heilsu og líðan hinsegin fólks ef þörf er á, í samhengi við þjónustu sem Reykjavíkurborg veitir.

Ábyrgð:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa.

Markhópur: Hinsegin fólk, starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Áætluð verklok: Árslok 2022.

Kostnaður: Vinnsla gagna hjá Embætti Landlæknis.

Mælikvarði: Kannanir sem mæla lýðheilsu verði allar yfirfarnar og útbúnaðar með spurningum um hinseginleika.

2.4 Atvinnu- og virkniúrræði

Aðgerð:

Vegna áhrifa COVID-19 hefur atvinnuleysi aukist verulega í Reykjavík. Gert er ráð fyrir áframhaldandi atvinnuleysi árin 2021-2022 og ætla má að margir þeirra sem missa bótarétt hjá Vinnumálastofnun leiti eftir framfærslu í gegnum fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Græna planið og græni hluti fjárfestingaráætlunar Reykjavíkur gerir ráð fyrir að skapa 1.200 bein og afleidd störf árið 2021 á sama tíma og þau störf sem fyrir eru verða varin. Áhersla er á fjölbreytt störf og fækkun einstaklinga á atvinnuleysisrá og á fjárhagsaðstoð og að skapa sumarstörf fyrir námsmenn 2021.

Borgarráð samþykkti í janúar sl. 2021 að koma á fót atvinnu- og virknimiðlun til að vinna enn markvissara með atvinnu- og virkniáðgerðir. Unnið verður með vinnumiðlun á vegum mannauðs- og starfsumhverfissviðs og stuðnings- og virkniúrræði á vegum velferðarsviðs.

Ráðið verði í 9 stöðugildi sérfræðinga sem starfa við vinnu- og virknimiðlun.

Í fyrsta áfanga er lagt til að skapa störf og stuðningsúrræði fyrir eftirfarandi hópa:

- a. Atvinnulausir einstaklingar með bótarétt, 150 störf.
- b. Vinnufærir einstaklingar sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, 50 störf.

Áætlað er að atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar muni í fyrsta áfanga skapa um 200 störf, meðal annars í samstarfi við Vinnumálastofnun og heildarkostnaður verði um 460 m.kr.

Ábyrgð: Mannauðs- og starfsumhverfissvið og velferðarsvið.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Atvinnu- og virknimiðlun starfi árin 2021-2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Einstaklingar með bótarétt og notendur fjárhagsaðstoðar í Reykjavík.

2.5 Aðgerðir gegn einmanaleika – kortlagning og mótun aðgerðaáætlunar

Aðgerð:

Kannanir sýna merki þess að einmanaleiki sé vaxandi vandamál, ekki síst á meðal ungs fólks.

Kortleggja þarf hvar vandinn er mestur og setja fram aðgerðaráætlun til að draga úr einmanaleika hjá þeim hópum.

Nýjar leiðir við að tengjast borgarbúum og þjónustuþegum hafa þróast í Covid. Meta þarf árangur þeirra og gera tillögur um aðgerðir, félagsstarf eða annað til framtíðar.

Ábyrgð: Velferðarsvið, í samstarfi við skóla- og frístundasvið og íþróttá- og tómstundasvið.

Markhópur: Þeir sem upplifa einmanaleika.

Áætluð verklok: 1. mars 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Aðgerðaráætlun gegn einmanaleika tilbúin

2.6 Frístundir í Breiðholti

– tilraunaverkefni til 3 ára til að auka þátttöku í frístundastarfi

Aðgerð:

Markmið tilraunaverkefnisins Frístundir í Breiðholti eru að efla heilbrigði, íþrótt- og frístundaþátttöku, nýtingu frístundakortsins, félagsleg tengsl, samfélagslega aðlögun og íslenskukunnáttu íbúa í Breiðholti með sérstaka áherslu á íbúa með fjölbreyttan bakgrunn.

Þó verkefnið nái til allra aldurshópa barna verður lögð megin áhersla á að virkja börn í 1.-2. bekk grunnskóla til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi. Með því að auðvelda börnum í upphafi skólagöngu þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi aukast líkur á að þau myndi félagslega tengsl sem síðan auka líkur á áframhaldandi þátttöku og þar með aðlögun og virkni í samfélaginu öllum til heilla.

Þátttaka í íþrótt- og frístundastarfi og nýting frístundakorts í Breiðholti er lægri en í öðrum hverfum. Sérstök ástæða er til að huga að þátttöku og félagslegri aðlögun barna í hverfinu af erlendum uppruna og barna sem búa við fátækt.

Vegna þessara aðstæðna hafa eftirtalin markmið verið sett fyrir verkefnið:

- Að auka þátttökuhlutfall barna í íþrótt- og frístundastarfi í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
- Að auka nýtingu frístundakortsins í Breiðholti til jafns við meðaltal í Reykjavík.
- Að auðvelda samfélagslega þátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi.

Þetta verði gert með því að hækka hvert kort í Breiðholti fyrir börn í 1. og 2. bekk grunnskóla úr 50.000 í 80.000. Hægt verði að prófa margar mismunandi íþróttagreinar, ókeypis verði í frístundarútuna, að öflug kynning verði á valmöguleikum frístunda ásamt fjölda annarra aðgerða. Verkefnið var samþykkt í borgarráði 27. ágúst 2020 og er eitt af þremur forgangsverkefnum sem sett voru fram í umsókn Reykjavíkurborgar um aðild að Lýðheilsuborgum Evrópu. Nánari útfærslu verkefnisins má sjá hér.

Ábyrgð: Velferðarsvið
(Þjónustumiðstöð Breiðholts).

Samstarfsaðilar: Íþrótt- og tómstundasvið, skóla- og frístundasvið, Íþróttabandalag Reykjavíkur og íþrótt- og frístundaaðilar í Breiðholti.

Markhópur: Börn og fjölskyldur í Breiðholti.

Áætluð verklok: 2023.

Kostnaður: Verkefnið er fjármagnað sbr. fjárhags-áætlun verkefnisins.

Mælikvarði: Sbr. Markmið í lýsingu aðgerðar.

2.7 Almannaþarnir

– Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og viðbragðsáætlanir

Aðgerð:

Frumskylda Reykjavíkurborgar er að stuðla að öryggi og velferð borgaranna og í því skyni er skipuð neyðarstjórn Reykjavíkurborgar og samþykkt viðbragðsáætlun borgarinnar sem neyðarstjórnin starfar samkvæmt. Á neyðarstigi viðbragðsáætlana er neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjuð.

Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar hefur því hlutverki að gegna að samhæfa aðgerðir og grípa til neyðarráðstafana þegar neyðarástand skapast til að forgangsraða lögbundinni þjónustu,

samfélagslega mikilvægri starfsemi, tryggja almannaheill og lágmarka hugsanlegan samfélagslegan skaða.

Viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar tekur ekki á sérstökum atburði, heldur fjallar almennt um skipulag, virkjun, samhæfingu og stjórn aðgerða hjá Reykjavíkurborg við hvaða áfalli, hættu- og neyðarástandi sem upp getur komið, hvort sem það er skilgreint sem formlegt almannaþarna-ástand eða ekki.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar:

Fagsvið Reykjavíkurborgar og almannaþarnarnefnd höfuðborgarsvæðisins.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar er skipuð til ársloka 2022 og verður þá endurskipuð. Núgildandi viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar er dagsett 13. febrúar 2020. Áætlunin skal endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti en yfirfarin árlega, t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði innan Reykjavíkurborgar. Þar að auki skal borgarstjórn yfirfara áætlunina við upphaf nýs kjörtímabils.

Kostnaður: Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið. Borgarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta.

3.1 Þátttaka í lýðheilsuborgarsamtökum Evrópu og skipan stýrihóps Reykjavíkur

Aðgerð:

Heilsuborgarverkefni Alþjóðaheilbrigðismála- stofnunarinnar miðar að því að draga fram áherslu á lýðheilsu í borgarumhverfinu. Undanfarin þrjátíu ár hefur þar byggst upp mikil þekking á fjölmörgum lykilviðum sem máli skipta til að ná lýðheilsu- markmiðum og stuðla um leið að auknum lífs- gæðum í borgum. Með þátttöku í verkefninu lýsir borgin því yfir að hún ætli að horfa til heilsu og vellíðanar í stefnumótun borgarinnar, líkt og rík hefð er fyrir í Reykjavík og setur sér markmið í samræmi við markmið heilsuborgarverkefnisins.

Reykjavík hefur sent inn umsókn og bíður full- gildingar aðildar að samtökunum. Á meðan á því ferli stendur getur borgin þó tekið fullan þátt í starfsemi samtakanna.

Skipaður verði tengiliður og stýrihópur um þátttöku Reykjavíkurborgar í heilsuborgar- samtökum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Heilsueflandi samfélagi. Verkefni þeirra er að vinna að markmiðum og aðgerðum sem settar voru fram í aðildarumsókn Reykjavíkur, samræma þær aðgerðir við lýðheilsustefnu borgarinnar og að taka þátt í öðrum verkefnum og starfi á vegum samtakanna og í tengslum við þátttöku í Heilsueflandi samfélagi.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Miðast við fasa VII hjá heilsuborgar- samtökunum sem er til ársins 2024.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lýðheilsuvísar Reykjavíkur og framfylgd aðgerða í samræmi við umsókn Reykjavíkur um aðild að heilsuborgarsamtökunum.

3.2 Faghópur um lýðheilsu

Aðgerð:

Starfandi hefur verið síðan 2016 samráðshópur um lýðheilsu í Reykjavík sem fundar mánaðarlega. Endurskipa þarf í hópinn og endurskilgreina hlutverk hans í tengslum við nýja lýðheilsustefnu.

Í hópnum skulu vera þeir verkefnastjórar sem sjá um framkvæmd Heilsueflandi hverfa í þjónustumiðstöðvum borgarinnar, auk fulltrúa fagsviða, forvarnahóps, embættis landlæknis og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Verkefnastjóri frá skrifstofu borgarstjóra og borgarritara heldur utanum hópinn sem ætlað er að hafa yfirsýn yfir heilsueflingar og forvarnastarf í Reykjavík,

framkvæmd þess og þróun með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna og lýðheilsuvísa, auk þess að styrkja tengslanet þeirra sem að málaflokknum koma. Haldnir séu mánaðarlegir fundir, en ekki þarf að kalla allan hópinn til í hvert sinn heldur skal boðað til funda eftir þörfum hverju sinni. Hópurinn skilar árlegri stöðuskýrslu og sinnir hlutverki stýrihóps Heilsueflandi samfélags, styður við innleiðingu lýðheilsustefnu og kemur að endurskoðun aðgerðaáætlunar hennar.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar: Fagsvið Reykjavíkurborgar, Embætti landlæknis og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.

Markhópur: Starfsfólk og starfsemi Reykjavíkurborgar á sviði lýðheilsu.

Áætluð verklok: Hópurinn verði skipaður til a.m.k. 2 ára.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lýðheilsuvísar Reykjavíkur.

3.3 Heilsa og líðan eftir Covid – Starfshópur um greiningu gagna um heilsu og líðan

Aðgerð:

Sviðsstjóra velferðarsviðs hefur verið falið að skipa starfshóp skipaðan fulltrúum forvarnarhóps Reykjavíkurborgar, fulltrúum þeirra starfsmanna sem sinna verkefninu „Heilsueflandi samfélag” og fulltrúum úr félagsstarfi Reykjavíkurborgar.

Hópnum verði falið að greina niðurstöður fyrir- liggjandi gagna um heilsu og líðan íbúa. Vakta þarf þær breytur sem mikilvægt er að vakta og bregðast við þeim neikvæðu þáttum sem rekja má að hafi hafist með Covid-19, en taka ekki breytingum með jákvæðari þróun faraldursins.

Samstarf verði haft við skóla- og frístundasvið og íþróttá- og tómstundasvið um verkefnið en fulltrúar þessara sviða eiga fulltrúa í forvarnarhópi Reykjavíkurborgar. Aðgerðaáætlun verði lögð fyrir Velferðarráð ef það er mat hópsins að grípa þurfi til sértækra aðgerða.

Ábyrgð: Velferðarsvið í samstarfi við skóla- og frístundasvið, íþróttá- og tómstundasvið og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Sbr. skipunartími starfshópsins.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Skil skýrslu og tillagna hópsins.

3.4 Lýðheilsuvísar og mælaborð borgarbúa

– Kortlagning og þróun

Aðgerð:

Þróun og innleiðing lýðheilsuvísa og og birting þeirra í mælaborði borgarbúa. Lýðheilsuvísar voru fyrst gefnir út af Reykjavíkurborg árið 2019 og eru notaðir til að undirbyggja stefnumótun í lýðheilsu hjá Reykjavíkurborg sem skal vera gagnadrifin.

Vísana skal gefa út árlega, og þeir þróaðir eins og þörf krefur. Ekki eru allir lýðheilsuvísar sem safnað er birtir út á við, sumir eru eingöngu nýttir í innra starfi borgarinnar. Leitast er við að velja vísa sem gefa heildstæða, raunsæja og lýsandi mynd af heilsu í Reykjavík og að birta ekki viðkvæmar upplýsingar eins og niðurbrot á einstök hverfi eða skóla, eða persónugreinanlegar upplýsingar. Lögð er áhersla á vísa sem hafa tengsl við verk- og valdsvið borgarinnar og stefnumótun í málaflokknum.

Bæta þarf gagnaöflun um heilsu og líðan eldra fólks í borginni. Stefnt skal að því að bæta inn í lýðheilsuvísa Reykjavíkur völdum vísam sem snúa að eldri borgurum sérstaklega og árið 2021 verða gefnir út sérstakir lýðheilsuvísar fyrir þennan hóp. Einnig stendur til að velja ákveðna mælikvarða sem tengjast aðgerðum lýðheilsustefnunnar (t.d. heilsa, líðan, svefn, einmanaleiki) sem hægt verður að uppfæra mánaðarlega á mæliborði borgarbúa.

Lýðheilsuvísarnir, mælaborðið og gátlistar HSAM verða helstu mælikvarðar á aðgerðir lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar. Jafnframt þarf að skilgreina birtingu mælikvarða sem varða sjálfbært velsældarhagkerfi og aðlaga þá að mælikvörðum lýðheilsustefnu, ISO-37120 og mælaborði borgarbúa.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar: Fagsvið Reykjavíkurborgar, Embætti landlæknis, Rannsóknir og greining.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Árslok 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Birting lýðheilsuvísa í mælaborði og árleg útgáfa þeirra.

3.5 Lýðheilsumat Reykjavíkur

- Þróun og innleiðing

Aðgerð:

Þróun og innleiðing á lýðheilsumati í Reykjaborg.

Fyrsta skrefið í þróuninni er að velja tilraunaverkefni um lýðheilsumat á þjónustu eða verkefni í Reykjavík í samstarfi við Embætti landlæknis og með ráðgjöf frá Wales Health Impact Assessment Support Unit (WHIASU).

Lýðheilsumat er samansafn af ferlum, aðferðum og tækjum og er ætlað að koma í veg fyrir að stefnur, áætlanir og rammar ýmiss konar hafi neikvæð áhrif á heilsu og líðan eða auki ójöfnuð til heilsu.

Lýðheilsumat er skilgreint sem mat á áhrifum stefna og aðgerða á heilsu og líðan fólks og dreifingu þessara áhrifa innan þýðisins. Tilgangurinn er að hámarka möguleg jákvæð áhrif og lágmarka möguleg neikvæð áhrif að teknu tilliti til lýðheilsu. Lýðheilsumat er til í ólíkum útfærslum sem krefjast mismikillar sérfræðiþekkingar og aðfanga. Nánar er fjallað um skilgreiningu og tegundir lýðheilsumats í viðauka.

Með lýðheilsumati eru áhrif á heilsu og líðan gerð sýnileg og ef sú staða kemur upp að fara þurfi í aðgerð sem möguleg gæti haft neikvæð áhrif á heilsu og líðan þá er mikilvægt að setja fram mótvægisaðgerðir til að draga úr þeim neikvæðu afleiðingum eins og kostur er. Áhrif stefna og verkefna á áhrifaþætti heilbrigðis eru sum hver bein og augljós meðan önnur geta verið óbein og erfitt að koma auga á. Með lýðheilsumati er reynt að sjá fyrir og draga úr neikvæðum áhrifum þar sem við á.

Ávinningur af notkun lýðheilsumats:

Lýðheilsumat eykur meðvitund á öllum sviðum um hvernig ákvarðanir geta haft áhrif á heilsu og líðan, sýnir fram á tengsl heilbrigðis og annarra málaflokka og stuðlar að samræmingu aðgerða milli geira til að efla heilsu og líðan.

Ábyrgð: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara.

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis og Wales Health Impact Assessment Support Unit (WHIASU).

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Stefnt er að því að tilraunaverkefni verði framkvæmt árið 2021 og lýðheilsumat innleitt.

Kostnaður: Verði kostnaður utan fjárhagsramma verður hann lagður fyrir borgarráð til samþykkis.

Mælikvarði: Tilraunaverkefni lokið og lýðheilsumat innleitt sem verkfæri innan Reykjavíkurborgar.

3.6 Lýðheilsugátlistar í hverfisskipulagi

– Þróun og innleiðing

Aðgerð:

Þróun og innleiðing lýðheilsugátlista í hverfisskipulagi. Gátlistar um lýðheilsu og tengda þætti sem notaðir eru í hverfisskipulag verði þróaðir frekar með vísan til rannsókna um áhrif hins byggða umhverfis á heilsu og líðan í samvinnu umhverfis- og skipulagssviðs og faghóps um lýðheilsu.

Í hverfisskipulagi er mótuð stefna og settir skilmálar til að styrkja hvers kyns heilsueflingu og hreyfingu. Unnið er með lýðheilsu á nokkrum stigum, en aðalmarkmið hverfisskipulagsins er að gera hverfi borgarinnar sjálfbærari, vistvænni og meira heilsueflandi. Í þeirri vinnu er stuðst við gátlista um mat á visthæfi byggðar þar sem m.a. er lagt mat á það hvernig borgarumhverfið stuðlar að lýðheilsu og hvað aðgerðir geri hverfin meira heilsueflandi.

Gátlistanum er skipt upp í 7 lykiláherslur (sjá viðauka um lýðheilsu í starfsemi Reykjavíkurborgar).

Gátlistinn er notaður til að greina styrkleika og veikleika hverfa og þróa tillögur til úrbóta. Gátlistinn nær yfir fjölmörg atriði sem flokkast undir lýðheilsuátt. Þetta eru atriði eins og göngufjarlægðir í skóla og leikskóla, staðsetningar á matvöruverslunum og annarri þjónustu í hverfiskjörnum, fjarlægðir frá opnum svæði, biðstöðvar almenningsamgagna og fjarlægðir í grenndargám. Einnig lega hjólaleiða og staðsetningar á hjólastæðum innan hverfanna. Sérstakur skilmálaliður undir liðnum Samfélag er helgaður lýðheilsu.

Ábyrgð: Umhverfis- og skipulagssvið.

Samstarfsaðilar: Faghópur Reykjavíkurborgar um lýðheilsu.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætluð verklok: Júní 2022.

Kostnaður: Innan fjárhagsramma.

Mælikvarði: Lýðheilsugátlistar uppfærðir.



Viðaukar





Viðaukar

- I. Forsendur lýðheilsustefnu - ítarefni
- II. Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar
- III. Mótun lýðheilsustefnu
- IV. Erindisbréf starfshóps
- V. Lýðheilsumat – Skilgreining og tegundir
- VI. Stöðumat fyrir áherslur
- VII. Lýðheilsuvísar Reykjavíkur
- VIII. Úr viðauka með aðalskipulagi Reykjavíkur - Heilsuborgin

Viðauki I. Forsendur Lýðheilsustefnu

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Sameinuðu þjóðirnar skilgreindu árið 2015 sautján heimsmarkmið um sjálfbæra þróun, sem lýsa stærstu vandamálum og helstu áskorunum sem þjóðir heims standa nú frammi fyrir. Öll aðildarríkin, þ.á m. Ísland, hafa innleitt nýju markmiðin og hyggjast ná þeim fyrir árið 2030.

Með markmiðunum er m.a. ætlunin að:

- Tryggja góða heilsu og vellíðan allra aldurshópa og draga úr ójöfnuði innan ríkja.
- Stuðla að varanlegum sjálfbærum hagvexti og mannsæmandi atvinnu fyrir alla.
- Byggja upp tryggja innviði, styðja við sjálfbæra iðnþróun og næra nýsköpun.
- Gera borgir öruggar, tryggar og sjálfbærar.
- Tryggja sjálfbær framleiðslu- og neyslumynstur. Grípa til bráðaaðgerða til að berjast gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.
- Stuðla að friðsælum samfélögum án aðgreiningar fyrir sjálfbæra þróun, gefa öllum aðgang að réttlæti og koma á fót skilvirkum, ábyrgum stofnunum á öllum stigum.

Til að innleiðing heimsmarkmið S.þ. verði farsæl og árangursrík er þátttaka sveitarfélaga við innleiðingu þeirra nauðsynleg enda varða mörg markmiðanna hlutverk og verkefni þeirra.



Viðauki I. Forsendur Lýðheilsustefnu

- Lýðheilsustefna velferðarráðuneytisins og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi

Framtíðarsýn: Að Íslendingar séu meðvitaðir um ábyrgð á eigin heilsu og að skólakerfið, vinnustaðir og stofnanir séu heilsueflandi.

1.1 Meginmarkmið: Að Íslendingar verði ein heilbrigðasta þjóð heims árið 2030.

1.2 Undirmerkið

- a) Að öll sveitarfélög verði heilsueflandi samfélög, þar með talið leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og vinnustaðir.
- b) Að markvissar forvarnir fari fram á sviði uppeldis- og menntunar, næringar, hreyfingar, geðræktar, tannverndar, ofbeldis- og slysavarna og áfengis- vímu,- og tóbaksvarna.
- c) Að draga úr tíðni langvinnra sjúkdóma.
- d) Að þróa félags- og heilsuvísa, tölulegar upplýsingar sem varpa ljósi á félags- og heilsufarslega stöðu landsmanna á hverjum tíma og ólíkar aðstæður ýmissa þjóðfélagshópa.
- e) Að við stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda verði gætt að áhrifum heilsu og líðan á íbúa samfélagsins. Heilsa í allar stefnur krefst þess að alltaf sé stuðst við gagnreyndar upplýsingar um áhrif þátta á heilsufar.

Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi

- með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri

September 2016



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ


Viðauki I. Forsendur Lýðheilsustefnu

Áhrifapættir heilbrigðis og vellíðanar

Heilsa og vellíðan eru afurð af samspili einstaklinga og þeirra nánasta umhverfis.

Embætti landlæknis hefur skilgreint þá þætti sem þekkt er að hafa áhrif á heilsu, líðan og lifnaðarhætti s.s. félags-, efnahags- og menningarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi og aðstæður í lífi, leik og starfi fólks á öllum æviskeiðum. Þessir áhrifapættir eru settir fram í formi regnboga.

Í áhrifaríku lýðheilsustarfi er horft til allra þessara mismunandi þátta í starfi sveitarfélags með heilsu og vellíðan í búa í huga.




Félagslegir áhrifapættir heilsu

Félagslegir áhrifapættir heilsu* eru skv. skilgreiningu WHO þær aðstæður sem fólk fæðist inn í, elst upp við, starfar við, býr við og eldist í. Þessar aðstæður mótast m.a. af efnahag, valdi yfir eigin lífi, og þeim bjargráðum sem fólki standa til boða í sínu nær- og fjærumhverfi. Þessir áhrifapættir eru stærsta orsök ójöfnuðar í heilsu, sem er skilgreindur sem ósanngjarn og hjákvæmilegur munur á heilsu innan og á milli landa.

Til að auka jöfnuð til heilsu á öllum æviskeiðum er sérstaklega mikilvægt að samfélög vinni með þessa þætti.

*sjá græna og rauða hluta regnbogans í fyrri glæru og mynd hér til hægri.



Mynd úr Strategic Review of Health Inequalities in England post-2010. (2010). Fair society, healthier lives: The Marmot review, þýdd af Embætti landlæknis 2021. <http://www.instituteofhealthequity.org/resources-reports/fair-society-healthy-lives-the-marmot-review/fair-society-healthy-lives-the-marmot-review-full-report.pdf>

Viðauki I. Forsendur Lýðheilsustefnu

Heilsueflandi samfélag

Reykjavíkurborg er aðili að starfi Embættis landlæknis, Heilsueflandi samfélag (HSAM), síðan árið 2013, þegar aðilarnir tveir gerðu með sér samning um samstarf til heilsueflingar og aukinnar lýðheilsu í Reykjavík. Árið 2019 var samkomulagið endurnýjað, og við það tilefni bættist Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins við samstarfið.

Meginmarkmið HSAM er að styðja sveitarfélög í að vinna markvisst að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra m.a. með útgáfu lýðheilsuvísa og vefkerfi sem auðveldar mat á stöðu og framvindu. Lykilforsenda er að festa í sessi þverfaglegt samstarf hagaðila og vinnulag byggt á bestu þekkingu og reynslu. Með innleiðingu HSAM er unnið að innleiðingu heimsmarkmiðanna.



Viðauki I. Forsendur Lýðheilsustefnu

Sex þemu Kaupmannahafnar- samkomulagsins

Hin sex þemu Kaupmannahafnarsamkomulags borgarstjóra (The Copenhagen Consensus of Mayors) sem var samþykkt á fundi borgarstjóra aðildarborga evrópsku Heilsuborgarsamtakanna (WHO Healthy Cities) í Kaupmannahöfn í febrúar 2018, er lögð til grundvallar starfi samtakanna næstu árin.

Reykjavík sótti um aðild að samtökunum árið 2020.

Þemun sex eru:

- Fjárfesta í fólkinu sem myndar borgir okkar (people)
- Hanna fjölbreytta staði sem bæta heilsu og vellíðan (places)
- Stuðla að aukinni þátttöku og samstarfi í þágu heilsu og vellíðanar (participation)
- Auka velsæld samfélagsins og aðgengi að sameiginlegum gæðum og þjónustu (prosperity)
- Stuðla að friði og öryggi með áherslu á samfélag án aðgreiningar (peace)
- Vernda jörðina frá niðurbroti, meðal annars með sjálfbærri neyslu og framleiðslu (planet).



Copenhagen Consensus of Mayors: Healthier and Happier Cities for All. Copenhagen: WHO Regional Office for Europe; 2018 (<http://www.euro.who.int/en/health-topics/environment-and-health/urban-health/who-european-healthy-cities-network/policy/copenhagen-consensus-of-mayors.-healthier-and-happier-cities-for-all-2018>)

Græna planið

–Sóknaráætlun Reykjavíkur til 2030

Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkurborgar og framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Öflug fjárfesting í grænum samgöngum, grænum innviðum, grænum hverfum, grænni nýsköpun og grænum störfum mun gegna lykilhlutverki og þannig auka lífsgæði fólks í borginni og gera Reykjavík að enn betri stað til að búa og starfa.

Græna planið byggir á sjálfbærni og skýrri framtíðarsýn um kolefnishlutlaust borgarsamfélag:

Kolefnishlutlaus borg

- Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

Grænn vöxtur

- Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsóknar og athafna.

Engin skilin eftir

- Í Reykjavík verður græna umbreytingin byggð á réttlæti, sanngirni og þátttöku. Íbúar búa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigið líf og annarra í nútíð og framtíð.




Viðauki II: Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Heilsa í allar stefnur (Health in all policies) byggist á þeirri hugmyndafræði að við stefnumótun og aðra áætlanagerð stjórnvalda verði gætt að áhrifum á heilsu og líðan íbúa í samfélaginu.

Færa má rök fyrir því að nær allar stefnur Reykjavíkurborgar hafi bein eða óbein áhrif á heilsu og líðan borgarbúa. Fagsvið Reykjavíkurborgar hafa öll því hlutverki að gegna að hafa áhrif á heilbrigða lifnaðarhætti, heilsu og vellíðan borgarbúa og sinna hvert um sig umfangsmiklum verkefnum í þeim tilgangi. Auk þess hafa markmið og áherslur lýðheilsustefnunnar nán tengsl við fjölmargar aðrar stefnur fagsviða Reykjavíkurborgarinnar.

Til að undirstrika hversu víða er unnið að því að eflingu lýðheilsu er hér lýsing á starfsemi og helstu stefnum Reykjavíkurborgar sem hafa áhrif á heilsu og líðan borgarbúa.



Viðauki II: Lýðheilsa í starfsemi Reykjavíkurborgar

Velferðarmál

Veigamikill þáttur í lýðheilsu er jöfnuður í samfélaginu. Starfsemi velferðarsviðs beinist að miklu leyti að því að jafna stöðu íbúa í samfélaginu, efla lífsgæði og styrkja þá sem standa höllum fæti á öllum aldurskeiðum. Gildi velferðarsviðs endurspeglar með hvaða hætti unnið skal að þessu markmiði.

Virðing:

Við berum virðingu fyrir öllum þeim sem við eigum í samskiptum við. Við fögnum fjölbreytileika og komum fram við annað fólk eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Virkni:

Við viljum að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Við veitum einstaklingsmiðaða þjónustu og vinnum að því að efla frumkvæði og sjálfstæði borgarbúa og starfsfólks.

Velferð:

Við erum leiðandi í umræðu um velferðarmál og lífsgæði borgarbúa og vinnum markvisst gegn fátækt. Við styrkjum fjölskyldur og einstaklinga með fræðslu, stuðningi, eftirfylgd og endurhæfingu þegar við á.

Með jöfnuð í huga veitir velferðarsvið börnum og foreldrum þeirra, eldri borgurum, fötluðum og heimilislausum fjölpætta þjónustu.

Framkvæmd velferðarþjónustunnar fer að mestu fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjá Barnavernd Reykjavíkur og hjá Heimaþjónustu Reykjavíkur.

Þjónustumiðstöðvarnar eru fimm og sinna þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla, frístundaráðgjöf og almennri upplýsingagjöf um starfsemi og þjónustu Reykjavíkurborgar. Þar er hægt að sækja um ýmiss konar þjónustu s.s. fjárhagsaðstoð, sérstakan húsnæðisstuðning, heimaþjónustu og heimahjúkrun. Þar er veitt félagsleg ráðgjöf, sálfræði- og kennsluráðgjöf vegna leik og grunnskóla.

Miðstöðvarnar reka búsetuúrræði fyrir fatlað fólk, félagsstarf fyrir fullorðna, heimahjúkrun og heimaþjónustu auk ýmissa sérverkefna sem taka mið af þörfum íbúa. Þar er einnig unnið öflugt hverfastarf í nánu samstarfi og samráði við fjölmarga aðila í nærumhverfi til að efla félagsauð og lýðheilsu allra íbúa. Meðal þess eru hverfisviðburðir, samstarfsverkefni af ýmsum toga á hverfisgrunni, umsjón með verkefnum heilsueflandi leikskóli, heilsueflandi grunnskóli, heilsueflandi samfélag og samræming forvarnastarfs á öllum sviðum regnbogans um áhrifaþætti heilbrigðis.

Velferðarmál

Velferðarsvið ber ábyrgð á framkvæmd gildandi forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Barnavernd Reykjavíkur ber ábyrgð á framkvæmd stefnu í barnaverndarmálum í borginni og vinnur náið með skólum og þjónustumiðstöðvum borgarinnar.

Barnavernd Reykjavíkur vinnur að því að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái viðeigandi stuðning.

Barnaverndin rekur fjölbreytt heimili fyrir börn, veitir stuðning og ráðgjöf inn á heimili og sér um fósturráðstafanir í tímabundin, varanleg eða styrkt úrræði.

Velferðarráð hefur samþykkt margar stefnur sem lúta að því að hafa áhrif á líkamlega, andlega og félagslega heilsu, vellíðan og lífsgæði borgarbúa og hefur fylgt þeim eftir með aðgerðaáætlunum. Meðal annars stefnu í málefnum eldri borgara þar sem lögð er áhersla á virkni og endurhæfingu í heimahúsum. Þá er meginmarkmið matarstefnu að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga, styrkja máltíðarþjónustu og stuðla að því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar öryggi, sjálfbærni, lýðheilsu og hagkvæmni hvað varðar matvæli.

Velferðarstefna Reykjavíkur er í mótun og þar kemur skýrt fram það hlutverk velferðarsviðs að sinna forvörnum og taka frumkvæði og bregðast við félagslegum þáttum sem hafa áhrif á einstaklinga og hópa.

Stefnur í velferðarmálum sem varða lýðheilsu

- Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar
- Stefna Reykjavíkurborgar á sviði velferðartækni 2018-2022
- Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 – 2024
- Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara 2018-2022
- Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónusturparfir 2019-2025
- (Velferðarstefna í mótun)
- Matarstefna Reykjavíkurborgar

Skóla- og frístundamál

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðlar að samfelli í öllu starfi sem hefur velferð barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

Menntastefna Reykjavíkur til ársins 2030 sem samþykkt var 20. nóvember 2018 byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla, starfsskrá frístundamiðstöðva SFS og öðrum gildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar. Eitt af meginmarkmiðum menntastefnunnar er heilbrigði og undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan.

Hugmyndir um heilbrigði hafa þróast með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði en til þess þarf umhverfið að veita stuðning og hvatningu.

Skóla- og frístundamál

Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi. Aðrir þættir menntastefnunnar hafa einnig áhrif á heilsu og líðan en þeir eru: Félagsfærni - Samfélagsleg ábyrgð og virkni, Sjálfsefning - Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu, Læsi - Þekking og skilningur á samfélagi og umhverfi, Sköpun - Skapandi hugur og hönd.

Í tengslum við innleiðingu menntastefnunnar hafa verið útbúnir gátlistar um hvern áhersluþátt þ.m.t. heilbrigði þar sem starfsfólk SFS getur metið að hvaða þáttum stefnunnar er nú þegar unnið og hvaða þáttum þarf að huga betur að (<https://reykjavik.is/gatlistar-fyrir-menntastefnu>).

Hlutverk frístundastarfs SFS er að tryggja börnum og unglíngum heilsueflandi og jákvæð viðfangsefni í frítímanum og auka þannig líkur á því að þeir kjósi heilbrigðan lífsstíl og forðist áhættuhegðun. Einnig er lögð áhersla á að virkja til þátttöku einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning og stuðla að því að þeir hafi jöfn tækifæri á við aðra.

Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka í skipulögðu frístundastarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið heilsueflingar- og forvarnargildi.

Stefnur í skóla- og frístundamálum sem varða lýðheilsu

- Látum draumana rætast - Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030
- Stefna um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025 - (í samvinnu fleiri sviða)
- Heimurinn er hér - stefna um fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf
- Félagsleg menntastefna - Skýrsla um stefnumótun Námsflokka Reykjavíkur
- Lesið í leik - Læsisstefna leikskóla
- Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar
- Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum
- Stefnumótun um tónlistarfræðslu í Reykjavík
- Sérkennsla í leikskólum

Umhverfis- og skipulagsmál

Leiðarljós umhverfis- og skipulagssviðs miða að því að styrkja Reykjavík í átt til sjálfbærni og gera hana vistvæna, heilnæma, hreina, fallega og örugga. Umhverfis- og skipulagssvið vinnur að því að borgarbúar hafi aðgengi að heilnæmu umhverfi og styður um leið við bætta lýðheilsu þeirra.

Lögboðin verkefni umhverfis- og skipulagssviðs varða mengunarvarnir, hollustuhætti, vatnsgæði, matvælaöryggi og vöktun umhverfis sem snerta daglegt líf allra borgarbúa og þar að leiðandi lýðheilsu. Meginmarkmið verkefnanna miða að því að gæta almannaheilla, öryggis og umhverfisgæða.

Umhverfis- og skipulagssvið sinnir umhverfis- og náttúruvernd og vinnur að umhverfisstjórnun í borginni og rekstri borgarinnar. Þá sinnir sviðið framkvæmd aðgerðaáætlunar í úrgangsmálum ásamt Grænum skrefum í starfssemi Reykjavíkurborgar. Samkvæmt loftslagsstefnu Reykjavíkur mun borgin verða kolefnishlutlaus árið 2040 sem er forsenda þess að komandi kynslóðir geti búið við góða heilsu.

Skipulag og fyrirkomulag byggðar og borgarumhverfis hefur afgerandi áhrif á lýðheilsu. Lykilatrið er hvort innviðir og umhverfi borgarinnar hvetji eða letji til hreyfingar og heilsueflandi athafna. Í því sambandi ræður þéttleiki byggðar, aðgengi að almenningssamgöngum, almenningsrýmum, útivistarsvæðum og hvers kyns þjónustu miklu.

Uppbygging borgarinnar undanfarin ár hefur tekið mið af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Þétting byggðar, styrking almenningssamgangna, hverfiskjarna, göngu- og hjólastíga sem og borgarlínu gegna þar veigamiklu hlutverki að bættri lýðheilsu borgarbúa.

Umhverfis- og skipulagsmál

Í hverfisskipulagi Reykjavíkur er markvist unnið að því að stuðli að bættri lýðheilsu í gegnum greiningar, tillögur og skilmála sem byggja á gátlistum um visthæfi byggðar.

Sett er stefna og skilmálar um:

- Göngu- og hjólastíga og tengingar við útvistarsvæði
- Aðgengi að almenningsrymum
- Uppbyggingu hverfiskjarna innan hverfa til að styrkja verslun og þjónustu í göngufæri
- Grenndarstöðvar í göngufæri fyrir sem flesta íbúa
- Hjólastæði við íbúðarhús, fyrirtæki, skóla og aðra starfsemi

Stefnan kemur fram á stefnukortum og í skilmálum hverfisskipulagsins þar sem fjallað er um lýðheilsu sem samheiti yfir heilsuvernd og forvarnir. Þar eru settir fram skilmálar í skipulaginu sem miða að því að styrkja hvers kyns heilsueflingu og hreyfingu s.s. að tryggja gott aðgengi um viðkomandi hverfi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og gott aðgengi að almenningsrymum og stærri útvistarsvæðum. Huga þarf að þörfum allra, sérstaklega barna og ungmenna. Lýsing og hönnun mannvirkja, gróðurs og annarra innviða í almenningsrymum er einnig ætlað að auka öryggistilfinningu þeirra sem þau nota og hvetja þannig til notkunar sem flestra þjóðfélagshópa.

Stefnur í umhverfis- og skipulagsmálum sem varða lýðheilsu

- Aðalskipulag Reykjavíkur
- Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkurborgar
- Græna borgin, umhverfis- og auðlindastefna og vistvænar samgöngur
- Bíla- og hjólastæðastefna
- Hjólaborgin Reykjavík
- Samferða Reykjavík
- Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur 2019-2023
- Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar
- Aðgerðaráætlun í úrgangsmálum
- Stefna um líffræðilega fjölbreytni
- Stefna í trjáræktarmálum
- Leiksvæðastefna Reykjavíkur

Íþróttá- og tómstundamáll

Íþróttá- og tómstundasvið gegnir tvíþættu hlutverki.

Annars vegar er sviðið leiðandi í að skapa aðstöðu fyrir einstaklinga og hópa til þess að stunda íþróttir á öllum getustigum en einnig að hvetja til almennrar hreyfingar og heilsueflingar.

Hitt hlutverkið og ekki síður mikilvægt er að skapa vettvang fyrir einstaklinga til að koma saman til þess að styrkja félagstengsl, stuðla að bættri andlegri heilsu og draga úr félagslegri einangrun.

Sviðið reynir að efla fjölskyldutengsl með því að bjóða upp á aðstöðu fyrir fjölskyldur til þess að vera að saman. Í Fjölskyldu- og húsdýragarði er áhersla á að fræða börn og ungmenni um íslenska búskapaætti og efla tengsl milli manna og dýra.

Í sundlaugum hefur skapast einstök menning sem hlúa þarf að og efla. Laugin og potturinn eru mikilvægir samkomustaðir borgabúa, einskonar félagsmiðstöð. Hlutverk þeirra er að auka lífsgæði borgarbúa með því að stuðla að afslöppun, skemmtun, íþróttaiðkun og leik. Auk þess að kynna íslenska baðmenningu fyrir ferðamönnum.

Íþróttá- og tómstundamál

Íþróttá- og tómstundasvið gegnir leiðandi hlutverki við eflingu og skipulagningu íþróttastarfs í Reykjavík í samstarfi við hin fjölmörgu íþróttafélög borginnar.

Á skíðasvæðum og á Ylströnd líkt og í Fjölskyldugarði er leitast við að skapa aðstöðu fyrir fjölskyldur til þess að stunda heilbrigða samvinnu ásamt því að skapa aðstöðu til öruggar íþróttaiðkunar.

Í Hinu Húsinu er leitast við að veita aðstöðu fyrir ungt fólk til þess að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, endurspegla menningu ungs fólks og skapa vettvang fyrir félagsleg úræði og ráðgjöf fyrir ungt fólk.

Hitt húsið hefur einnig því hlutverki að gegna að stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungmenna með fötlun þar sem áhersla er á að skapa vettvang þar sem ungt fólk hittist og fær tækifæri til að taka þátt í öflugum frístundastarfi á jafningja grundvelli og upplifi öryggi og vellíðan.

Stefnur í íþróttá- og tómstundamálum sem varða lýðheilsu

- Stefna í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030
- Laugarnar í Reykjavík - Framtíðarsýn til 20 ára
- Reykjavík - borg fyrir ungt fólk. Stefnumótun í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri
- Stefna um frístundapjónustu til 2025

Menningar- og ferðamál

Menning er hjarta blómstrandi samfélags. Með aðstoð lista og menningar minnumst við fortíðarinnar, segjum sögur, fögnum nútíðinni, skemmtum okkur og ímyndum okkur framtíðina. Listir og menning sýna okkur heiminn með augum annarra. Menning stuðlar þannig í eðli sínu að bættri lýðheilsu, því hún veitir mikilvægan félagslegan ávinning og andlega næringu og eykur almennt lífsgæði.

Fjölmargar rannsóknir sýna að þátttaka í menningu og listum er mikilvægur þáttur í að rjúfa félagslega einangrun, ekki síst hjá börnum og ungu fólki og meðal eldri borgara.

Menningar- og ferðamálasvið skipuleggur og framkvæmir árlega fimm hátíðir þar sem borgarar eru hvattir til skapandi þátttöku auk þess sem öflugt starf fyrir borgarbúa fer fram í öllum söfnum borgarinnar.

Þannig er eitt mikilvægasta verkefni menningar- og ferðamálasviðs að tryggja gott aðgengi að listum- og menningu fyrir alla hópa samfélagsins, eða eins og segir í menningarstefnu Reykjavíkurborgar:

Menning er mannréttindi: Menningarlíf höfuðborgarinnar á að standa öllum opið, þannig að hver og einn skynji hlutdeild sína í menningarlífinu, hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í því á eigin forsendum.

Stefnur í menningar- og ferðamálum sem varða lýðheilsu

- Menningarstefna Reykjavíkurborgar 2014-2020
- Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar 2020-2025

Mannréttinda- og lýðræðismál

Í mannréttinda- og lýðræðismálum vinnur Reykjavíkurborg að því að draga úr ójöfnuði og að samheldnu og heilsueflandi samfélagi.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnámálaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Jafnrétti kynja er rauði þráður stefnunnar. Lögð er áhersla á rétt fólks til að búa við frið, öryggi í borgarlandinu og í heilnæmu umhverfi sem fólki og lífríki stafar ekki ógn af.

Mannréttindastefnunni fylgir aðgerðaáætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa annast framkvæmd mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi er á ábyrgð ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar en í henni er tilgreind fjölmörg verkefni sem stuðla að öryggi og velferð borgarbúa. Má þar nefna örugga skemmtistaði snýr að samstarfi um örugga og ofbeldislausu skemmtistaði, verkefnið **Saman gegn ofbeldi** sem er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvænnaathvarfsins og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu um heimilisofbeldi. **Nordic Safe Cities**, en það er tengslanet og samvinnuvettvangur borga á Norðurlöndunum sem vilja efla öryggi borgara sinna ásamt því að vinna gegn öfgahyggju og hatri.

Mannréttinda- og lýðræðismál

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sinnir fræðslu og ráðgjöf í málefnum sem tengjast mannréttindastefnunni. Sinnt er verkefnum sem snúa að málefnum innflytjenda, flóttamanna og fólks í leit að alþjóðlegri vernd í þeim tilgangi að reykvískt samfélag fái notið fjölbreytni í mannlífi og menningu.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sinnir málefnum hinsegin fólks m.a. með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar og ráðgjöf til starfsstaða. Einnig veitir skrifstofan ráðgjöf í tengslum við málefni fatlaðs fólks.

Lýðræðismál eru vistuð á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og með þeim er unnið að því að efla þátttöku og virkni allra íbúa í borgarsamfélaginu. Íbúaráðum borgarinnar er ætlað að styttu boðleiðir milli íbúa og stjórnarsýslu borgarinnar og með verkefnum eins og **Hverfið mitt** er borgarbúum gefinn kostur á að koma með tillögur um úrbætur til að bæta nærumhverfi.

Unnið er að hönnun manngerðs umhverfis í borginni með aðgengi fyrir alla í huga í samstarfi við aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar. Það sama á við þegar unnið er að endurbótum í aðgengismálum í húsnæði borgarinnar og í borgarlandinu.

Stefnur í mannréttinda- og lýðræðismálum og þjónustu- og upplýsingamálum sem varða lýðheilsu

- Mannréttindastefna
- Stefna í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd
- Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum
- Jafnlaunastefna
- Málstefna
- Stefna um túlka- og þýðingapjónustu
- Upplýsingastefna
- Þjónustustefna

Húsnæðis- og atvinnumál

Það er undirstaða góðrar heilsu að búa við viðunandi húsnæðisaðstæður og að geta framfleytt sér með atvinnuþátttöku.

Í samræmi við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar er unnið að því að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk þarfnast stuðnings með húsnæðismál sín eða ekki.

Unnið er að auknum jöfnuði með fjölbreyttu framboði húsnæðiskosta og auknu framboði húsnæðis fyrir alla félagshópa og félagslegri fjölbreytni innan hverfa í samvinnu við leigu- og búseturéttarfélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og með rekstri Félagsbústaða sem er í eigu borgarinnar. Samhliða er unnið að því að um 25% íbúða í hverfum verði leiguíbúðir, námsmannaíbúðir, búseturéttaríbúðir, félagslegar leiguíbúðir, íbúðir fyrir aldraða og húsnæði fyrir fatlað fólk.

Aðgerðum í húsnæðismálum er nánar gerð skil í húsnæðisáætlun borgarinnar þar sem einnig er fjallað um veitingu stofnframlaga til íbúðabygginga, þróun byggingareita, úthlutun lóða og annarra aðgerða til að ná fram markmiðum húsnæðisstefnu og aðalskipulags. Þá er lögð sérstök áhersla á hagkvæmar og nútímalegar lausnir í húsnæðisuppbyggingu, meðal annars fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur.

Með atvinnustefnu Reykjavíkur er lögð áhersla á lífsgæðaborgina og góð vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt, sjálfbært og skapandi atvinnulíf, sem mæti metnaði og þörfum íbúa svæðisins án tillits til uppruna, þjóðernis, lífshátta, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Húsnæðis- og atvinnumál

Það er undirstaða góðrar heilsu að búa við viðunandi húsnæðisaðstæður og að geta framfleytt sér með atvinnuþátttöku.

Í samræmi við húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar er unnið að því að allir borgarbúar hafi öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem fólk þarfnast stuðnings með húsnæðismál sín eða ekki.

Unnið er að auknum jöfnuði með fjölbreyttu framboði húsnæðiskosta og auknu framboði húsnæðis fyrir alla félagshópa og félagslegri fjölbreytni innan hverfa í samvinnu við leigu- og búseturéttarfélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og með rekstri Félagsbústaða sem er í eigu borgarinnar. Samhliða er unnið að því að um 25% íbúða í hverfum verði leiguíbúðir, námsmannaíbúðir, búseturéttaríbúðir, félagslegar leiguíbúðir, íbúðir fyrir aldraða og húsnæði fyrir fatlað fólk.

Aðgerðum í húsnæðismálum er nánar gerð skil í húsnæðisáætlun borgarinnar þar sem einnig er fjallað um veitingu stofnframlaga til íbúðabygginga, þróun byggingareita, úthlutun lóða og annarra aðgerða til að ná fram markmiðum húsnæðisstefnu og aðalskipulags. Þá er lögð sérstök áhersla á hagkvæmar og nútímalegar lausnir í húsnæðisuppbyggingu, meðal annars fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur.

Með atvinnustefnu Reykjavíkur er lögð áhersla á lífsgæðaborgina og góð vaxtarskilyrði fyrir fjölbreytt, sjálfbært og skapandi atvinnulíf, sem mæti metnaði og þörfum íbúa svæðisins án tillits til uppruna, þjóðernis, lífshátta, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Stefnur í húsnæðis- og atvinnumálum sem varða lýðheilsu

- Húsnæðisstefna og húsnæðisáætlun
- Atvinnustefna

Viðauki III: Mótun Lýðheilsustefnu - Ferlið

Samstarf Reykjavíkurborgar og Embættis landlæknis hófst formlega árið 2013 með samningi um samstarf á vettvangi lýðheilsu og inngöngu borgarinnar í verkefnið Heilsueflandi samfélag. Í kjölfarið var stofnaður stýrihópur um heilsu og jöfnuð, og undir honum hópar um m.a. gögn, heilsueflandi grunnskóla, leikskóla, frístundastarf og hverfi, heilsueflingu aldraðra og starfsfólks borgarinnar. Hver hópur hafði víðtækt samráð við lykilaðila í málaflokknum, starfsfólk og íbúa, börn, fullorðna og aldraða.

Tvö fjölmenn málþing voru haldin um lýðheilsu í borginni, í samstarfi við Embætti landlæknis. Hið fyrra 2015 um heilsueflandi skóla og hið seinna 2017 um jöfnuð í heilsu. Málþingunum var svo fylgt eftir með vinnustofum þar sem lykilaðilum gafst tækifæri á að kafa dýpra með erlendum sérfræðingum málþinganna.

Árið 2017 hófst markviss vinna við gerð lýðheilsustefnu borgarinnar. Stefnumótunarferlið var flókið þar sem stefnan er um margt ólík öðrum stefnum borgarinnar. Hún er meginstefna sem rammur inn það lýðheilsustarf sem unnið er á öllum sviðum borgarinnar, en meira og minna allt sem borgin gerir er lýðheilsustarf. Að þeirri vinnu komu með einhverjum hætti, auk stýrihóps borgarstjóra um heilsu og jöfnuð, starfsfólk af öllum sviðum borgarinnar, auk starfsfólks af ýmsum sviðum Embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og ráðgjafa frá Veru ráðgjöf og Capacent.

Viðauki III: Mótun Lýðheilsustefnu - Ferlið

Árið 2019 gaf borgin út sína fyrstu lýðheilsuvísa, sem eru uppfærðir reglulega. Við það tækifæri var samningur borgar og Embættis landlæknis endurnýjaður og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins bættist þar formlega við samstarfið.

Í byrjun árs 2020 var stofnaður starfshópur sem m.a. hafði það hlutverk að draga saman alla þá undirbúningsvinnu sem unnin hafði verið í heilstæða lýðheilsustefnu fyrir Reykjavíkurborg. Auk þess var hlutverk hópsins að vinna umsókn borgarinnar að lýðheilsborgarsamtökum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (Who Healthy Cities).

Í starfshópnum sátu fulltrúar Embættis landlæknis, Reykjavíkurborgar og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Gerð var óformleg netkönnun í byrjun árs 2020 þar sem íbúum gafst kostur á að svara þremur opnum spurningum um hvar styrkleikar Reykjavíkur sem heilsborgar liggja, hvað væri hægt að gera betur og hvaða markmið borgin ætti að setja sér sem lýðheilsborg. Samráð við fagsvið og skrifstofur borgarinnar og svið Embættis landlæknis fór fram jafnt og þétt í starfi hópsins, þar sem meðlimir hópsins báru ábyrgð á að viðeigandi samráð væri haft við þeirra svið á ýmsum stigum vinnunnar.

Að lokum voru stefnuþing lögð fyrir borgarstjóra og yfirstjórn borgarinnar, og að lokinni úrvinnslu athugasemda þeirra var stefnan lögð fyrir borgarráð til samþykkis.

Viðauki IV: Erindisbréf starfshóps um lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðild að samtökum evrópskra heilsuborga

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Þann 2. maí 2019 samþykkti borgarráð tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg sækti um aðild að sjöunda fasa verkefnisins European Healthy Cities Network hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (World Health Organization). Að auki var samþykkt að meðfram vinnu við umsóknarferlið yrði mótuð lýðheilsustefna fyrir Reykjavíkurborg byggð á þeim undirbúningi sem farið hefur fram í samstarfi við embætti landlæknis og fulltrúa úr háskólasamfélaginu.

Hlutverk og helstu verkefni:

- Vinna tillögu að lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar í samráði við viðeigandi aðila innan og utan borgarkerfis, ásamt tillögum að framfylgd og fyrstu aðgerðum.
- Gera tillögu að þróun lýðheilsuvísa Reykjavíkurborgar og reglubundinna rannsókna á heilsu og líðan innan borgarinnar með áherslu á samnýtingu og samstarf og þær reglulegu kannanir og rannsóknagrunn sem þegar er fyrir hendi.

- Undirbúningur umsóknar Reykjavíkurborgar að samtökum evrópskra heilsuborga (WHO European Healthy Cities Network) í samráði við viðeigandi aðila.

- Framfylgja samstarfssamningi Reykjavíkurborgar, embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

- Vera bakhópur fyrir rannsókn Reykjavíkurborgar, Embættis landlæknis, Hagstofunnar og Félagsvísindastofnunar á félagslegu landslagi í Reykjavík

- Önnur verkefni sem vísað er til hópsins.

Starfshópurinn skipa:

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sviðsstjóri áhrifaþátta heilbrigðis hjá Embætti landlæknis (formaður).

Þráinn Hafsteinsson, fulltrúi velferðarsviðs.

Ævar Harðarson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Soffía Pálsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Ómar Einarsson, fulltrúi íþróttá- og tómsvæðisviðs.

Fulltrúi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Fulltrúar annarra fagsviða kallaðir til samstarfs eftir þörfum.

Með hópnum starfa:

Unnur Margrét Arnardóttir verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svavar Józefsson verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn fundar með borgarstjóra, formanni velferðarráðs, landlækni og forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eftir því sem vinnu hans vindur fram og að minnsta kosti tvisvar á ári. Starfshópurinn hefur heimild til að leita ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstími:

Starfshópurinn geri tillögu að verk- og tímaáætlun fyrir einstaka verkþætti til ábyrgðarmanns.

Reykjavík, 8. nóvember 2019

Dagur B. Eggertsson

V. Lýðheilsumat – Skilgreining og tegundir

Lýðheilsumat, skilgreining

Lýðheilsumat er skilgreint sem mat á áhrifum stefna og aðgerða á heilsu og líðan fólks og dreifingu þessara áhrifa innan þýðisins. Tilgangurinn er að hámarka möguleg jákvæð áhrif og lágmarka möguleg neikvæð áhrif að teknu tilliti til lýðheilsu. Lýðheilsumat er til í ólíkum útfærslum sem krefjast mismikillar sérfræðipekkingar og aðfanga.

Þrjár megin tegundir lýðheilsumats:

1. **Prospective** – fyrir innleiðingu
2. **Concurrent** – á meðan innleiðingu stendur
3. **Retrospective** – eftir innleiðingu

Umfang lýðheilsumats getur verið mismunandi eftir tilgangi þess, tíma og aðföngum:

- **Desktop** – fámennur hópur þátttakenda kemur saman og nýtir fyrirliggjandi reynslu og stöðu þekkingar við matið. Nokkrar klukkustundir upp í heilan dag.
- **Rapid** – vanalega fámennur stýrihópur, framkvæmir stutta rannsókn á áhrifum á heilsu, þ.m.t. stutta samantekt á stöðu þekkingar (megindleg og eigindleg gögn) og í framhaldinu er frekari upplýsingaöflun með boðun hagaðila/þeirra sem þekkja til mála á vinnustofu. Tekur daga eða vikur.
- **Comprehensive** – dýpri greining sem felur í sér ítarlega heimildaleit og söfnun frumgagna. Framkvæmt þegar um er að ræða flóknari verkefni og getur tekið mánuði í framkvæmd.

V. Lýðheilsumat – Skilgreining og tegundir

Lykilskref við framkvæmd lýðheilsumats


Samanber Health Impact Assessment (HIA): A practical guide (WHIASU, 2012) eru skrefin eftirfarandi:

Þrjár megin tegundir lýðheilsumats:

1. **Screening:** Hefur tillagan/aðgerðin áhrif á lýðheilsu?
2. **Scoping:** Hvaða aðföng, tímaramma, stefnur og stöðu þekkingar þarf að íhuga? Þarf að stofna stýrihóp? Skilgreina hlutverk og ábyrgð.
3. **Appraisal/Assesment of evidence:** mat á fyrirliggjandi gögnum.
4. **Reporting and recommendations:** gerð lýðheilsumatsskýrslu og hvers konar non-technical samantekta.
5. **Review and reflection:** þar með talið vöktun og mat. Hafði lýðheilsumatið og einhverjar niðurstöður áhrif á heilsu og vellíðan eða ferlið við ákvarðanatöku?

Um lýðheilsumat almennt

Public Health Wales (PHW) - Wales Health Impact Assessment Support Unit (WHIASU) hefur verðmæta reynslu af framkvæmd lýðheilsumats og hefur meðal annars framkvæmt slíkt mat á aðgerðum vegna COVID-19 í Wales. WHIASU, með Lis Green fremsta í flokki, er viljug til að miðla sinni reynslu og efni til að hjálpa til við innleiðingu lýðheilsumats á Íslandi og í Reykjavík.



VI. Stöðumat fyrir hverja áherslu

1.a. Heilsueflandi borg

Staðan í dag

Reykjavíkurborg hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á að vakta heilsu, líðan og lífnaðarhætti borgarbúa á öllum aldri. Góð heilsa auðveldar fólki að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og lifa fullnægjandi og sjálfstæðu lífi eins lengi og kostur er. Í Reykjavík búa nú rúmlega 36% landsmanna, um 133.000 manns. Um 21% borgarbúa eru börn undir 18 ára, 67% 18–66 ára og 12% 67 ára og eldri. Því er spáð að hlutfall eldra fólks fari mjög vaxandi á næstu árum, þjóðin er að eldast og náttúrleg fólksfjölgun er ekki hröð. Það er mikilvægt að huga að þessum tveimur aldurskeiðum sérstaklega, því í æsku er lagður grunnur að góðri heilsu ævina út, og með því að huga að heilsueflingu og forvörnum aldraðra má bæta lífi við árin, sem er ekki síður mikilvægt en að bæta árum við lífið.

Rannsóknir og kannanir hafa sýnt að borgarbúar ferðast í auknum mæli með virkum samgöngumáta í borginni, eru duglegir að hreyfa sig og nýta íþrótt- og útivistaraðstöðu í borginni og nágrenni hennar, sundlaugar, göngu- og hjólastíga o.s.frv. Þær gefa líka vísbendingu um ýmsar áskoranir sem taka þarf sérstaklega á, t.d. fá sífellt færri að staðaldri nægan nætursvefn, og þar gætu aukinn skjátími á kvöldin, kyrrseta og aukin neysla orkudrykkja haft áhrif. Nýjar tegundir af nikótín-vörum sem markaðssettar eru til barna eru sömuleiðis áskorun, auk þess sem sykurneysla er óhófleg og

tengist auðveldu aðgengi að sykrudum vörum í umhverfi barna og ungmenna sérstaklega. Nýjar kannanir sýna svo að huga þarf sérstaklega að félagsfærni barna á Íslandi.

Reykjavíkurborg er vel í stakk búin að vinna markvisst að heilsu og vellíðan á öllum æviskeiðum (sjá meginmarkmið 3). Hugað er að lýðheilsu í starfi og stefnum ólíkra málaflokka/fagsviða (sjá viðauka), og borgin hefur verið þátttakandi í Heilsueflandi samfélagi (HSAM) síðan 2013. Árið 2019 varð Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins formlegur aðili að því starfi, sem er að mestu innleitt í gegnum þjónustumiðstöðvar borgarinnar undir heitinu Heilsueflandi hverfi. Auk þess að vinna markvisst með heilsueflingu í frístundastarfi eru 35 af 63 leikskólum Heilsueflandi leikskólar og 29 grunnskólar af 36 eru Heilsueflandi grunnskólar. Allir framhaldsskólar í borginni taka þátt í Heilsueflandi framhaldsskóla. Reykjavík er þátttakandi í verkefni Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um aldursvænar borgir og hefur sótt um að gerast Heilsuborg í samnefndu verkefni á vegum stofnunarinnar.

Reykjavíkurborg hefur síðan 2015 tekið þátt í verkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aldursvænar borgir. Í verkefninu eru til umfjöllunar átta mismunandi málefnasvið sem hafa áhrif á lífsgæði eldri borgara þ.e. útisvæði og byggingar, virðing og félagsleg viðurkenning, samgöngur, virk samfélagsþátttöku og atvinnumöguleikar,

húsnæði, upplýsingamiðlun, félagsleg þátttaka og félags- og heilbrigðisþjónusta. Reykjavíkurborg er jafnframt þátttakandi í norrænu aldursvænu tengslaneti og COST verkefninu NET 4 age-friendly sem er alþjóðlegt þverfaglegt, tengslanet um snjallt, heilsueflandi umhverfi sem miðar að stuðning til sjálfstæðs lífs og heilbrigðri öldrun.

Reykjavíkurborg er stærsti vinnustaður landsins. Þverfaglegur starfshópur um heilsueflingu hefur verið starfandi frá 2016. Á þeim tíma hafa m.a. verið innleiddir samgöngusamningar sem starfsfólki býðst sem hvatning til vistvænna og heilsueflandi samgöngumáta. Farið var í samstarf um heilsuleika fyrir starfsfólk í samvinnu við Sidekick Health. Viðmikil fræðslu um heilsueflingu stendur starfsfólki og stjórnendum til boða. Unnið hefur verið í samvinnu við VIRK starfsendurhæfingar-sjóð að endurhæfingu starfsfólks samhliða vinnu. Unnið er að heilstæðri heilsustefnu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar. Gerð hefur verið úttekt á á aðstöðu fyrir hjól og sturtuaðstöðu. Í boði er heilsuræktarstyrkur, stuðningur við starfsfólk ef starfsfólk vegna líkamlegra eða andlegra áskorana. Starfsfólki býðst árleg influensubólusetning og þjónusta trúnaðarlæknis ef við á.

1.b. Fyrirmyndarborg í forvörnum

Staðan í dag

Íslenska módelið í forvörnum barna og unglunga er samfélagsmiðuð nálgun sem byggir á samstarfi fjölmargra aðila, t.a.m. foreldra, kennara, félagsmiðstöðva, íþróttafélaga og fleiri í nærumhverfi barna og ungmenna. Aðferðin var þróuð af hópi félagsvísindafólks, stefnumótunaraðila og fólki sem starfaði með börnum og ungmönnum á vettvangi sem leist ekki á þróun mála rétt fyrir aldamótin og leitaðist við að setja fram stefnu og starf, byggt á rannsóknum, sem gæti snúið henni við. Þeir félagslegu þættir sem hafa áhrif á vímuefnanotkun ungmenna voru kortlagðir og aðgerðir hannaðar sem hægt væri að beita í forvarnarstarfi. Í því felst að nærsamfélagið er virkjað og leitast við að auka líkur á að ungmenni nýti tíma sinn á jákvæðan, uppbyggjandi hátt. Þetta er t.a.m. gert með því að styrkja stuðningshlutverk foreldra og skóla og fjölga tækifærum ungmenna til þess að stunda skipulagt tómstundastarf. Reykjavíkurborg tók þátt í að þróa þessa aðferð og hún er kjarninn í starfi hennar í málaflokknum. Afraksturinn af þessari vinnu er sá að áfengis- og vímuefnaneysla ungmenna hefur dregist margfalt saman frá miðjum tíunda áratugnum, og hefur vakið athygli víða um heim. Það þýðir þó ekki að björninn sé unninn, það verða stöðugt til nýir unglingar í borginni og nýir foreldrar og gæta þarf að því að sofna ekki á verðinum.

Frístundakortið er styrkjakerfi í frístundastarfi fyrir 6 - 18 ára börn og unglunga í Reykjavík. Það er tengt íslenska módelinu því markmið og tilgangur þess er að öll börn og unglingar geti tekið

þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi. Nýting þess hefur verið mjög góð, en þó lægri í hverfum þar sem hlutfall íbúa af erlendum uppruna er hærra. Þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi er mikilvægur hluti forvarna og hefur almennt verið að aukast í Reykjavík.

Unnið er með marga þætti forvarna í menntastefnu borgarinnar, t.d. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum í áhersluþáttunum "félagsfærni" og "sjálfsefning".

Fjölskyldusamvera og þátttaka foreldra og nærsamfélagsins í lífi barna hefur sterkt forvarnagildi. Meðvitund um þetta hefur verið nokkuð mikil síðastliðinn áratug og fá börn sem svara því í könnunum að foreldrar þeirra viti ekki hvar þau séu á kvöldin eða eyði ekki tíma með þeim, en stöðugt þarf að hvetja, styðja og fræða til að halda þeim árangri við. Í gildi eru lög um vernd barna og ungmenna þar sem kveðið er á um útvistartíma þeirra. Það er mikilvægur verndandi þáttur að þessum reglum sé fylgt, og í hverfum borgarinnar hafa verkefni eins og foreldrarölt stutt við það. Sérstakt átak var gert í kringum aldamótin 2000 með góðum árangri, en síðustu ár hafa verið vísbendingar um að áhersla foreldra og forráðamanna á útvistartímann fari minnkandi, og því hefur verið blásið til sóknar á ný í mörgum hverfum og áhersla aukin á samstöðu um þetta og félagsauð almennt.

1.c. Borgarþróun fyrir heilsu fólks og jörðina

Staðan í dag

Ósnortin náttúra, útivist og sundlaugar

Í Reykjavík njótum við þeirra forréttinda að stutt er í ósnortna náttúru til útivistar, bæði innan borgarinnar og utan við borgarmörkin. Mikið er af stígum og öðrum innviðum til útivistar eins og t.d. leiksvæðum barna, útihreystitækjum og frisbígolfvöllum.

Eitt það besta við að búa í heilsuborginni Reykjavík eru sundlaugar borgarinnar. Þær eru vel nýttar af fólki á öllum aldri til að rækta líkamann, andann, félags- og fjölskyldutengslin. Fyrir mörgum eru sundlaugarnar hjarta samfélagsins, og mikilvægt að halda þeim vel við og hlúa að þeim svo þær geti sinnt því hlutverki áfram.

Gæði vatns og lofts

Gæði neysluvatns í Reykjavík eru mjög góð og gæðaeftirlit strangt. Borgarbúar hafa aðgang að grunnvatni sem ekki þarf að meðhöndla áður en þess er neytt. Loftgæði í Reykjavík eru almennt góð en magn svifryks í andrúmslofti fer þó yfir heilsuverndarmörk u.þ.b. 20 daga á ári og Umhverfisstofnun Evrópu áætla að það valdi u.þ.b. 60 ótímabærum dauðsföllum á ári. Uppspretta svifryks er langmest frá umferð, þar sem slit gatna, útblástur og sótt frá bílum skiptir mestu.

Skipulag um sjálfbæra og heilsueflandi byggð

Sjálfbær og heilsueflandi byggð er forsenda þess að fólk búi við góða heilsu til framtíðar. Í Reykjavík í dag er þéttleiki byggðar lítill, umferð mikil og þjónustu- og atvinnusvæði oft aðskilin íbúabyggð. Það eru því mikil sóknarfæri í að þetta borgina og gera hverfin sjálfbærari, í því skyni að minnka ferðatíma fólks, bæta loftgæði og gefa fleirum tækifæri á að nota vistvæna og virka ferðamáta. Skv. könnunum keyra enn margir stuttar vegalengdir í vinnu og skóla og hátt í helmingur bílstjóra sem ekur á einkabíl til vinnu vill ferðast öðruvísi en akandi í vinnuna.

Heilsa og vellíðan borgarbúa er lögð til grundvallar aðalskipulags Reykjavíkurborgar og hverfaskipulags sem vinna á fyrir öll hverfi borgarinnar í samráði við íbúa.

2.a. Jöfnuður

Staðan í dag

Jöfnuður til heilsu snýst um að allir hafi jöfn tækifæri til að hlúa að heilsu sinni og vellíðan. Tilteknir viðkvæmir og jaðarsettir hópar eru líklegri en aðrir til að búa við heilsubrest t.d. fólk með minni menntun, fólk af erlendum uppruna, öryrkjar, einstæðar mæður, börn sem búa við fátækt, hinsegin fólk o.s.frv. Unnið er að ítarlegri rannsókn á ójöfnuði í Reykjavík.

Rannsóknir á Íslandi sýna að lífsánægja og líðan hinsegin ungmenna, og þá sérstaklega hinsegin stúlkna, er ávallt verri en hjá öðrum ungmönnum. Þetta kemur heim og saman við rannsóknir í öðrum löndum. Þá er einnig talað um minnihlutaálag eða streitu sem fylgir því að tilheyra þessum minnihluta og það hefur áhrif á líkamlega og andlega líðan hinsegin fólks.

Rannsóknir sýna að mikilvæg forsenda jöfnuðar til heilsu er að auk almennra aðgerða (sjá markmið 1) sé markvisst unnið að því með sértækari aðgerðum að jafna stöðu íbúa m.t.t. félagslegra áhrifapátta heilsu (hornsteina heilsu). Er þar m.a. átt við aðgengi að öruggu húsnæði, atvinnu/framfærslu, menntun og ýmiss konar aðstöðu og þjónustu s.s. íþróttum og öðru tómstundastarfi og menningu.

Þrátt fyrir að nú eigi sér stað meiri íbúðauppbygging í Reykjavík en nokkru sinni fyrr er skortur á íbúðarhúsnæði í borginni eftir litla uppbyggingu á árunum eftir hrun. Íbúafjöldi hefur jafnt og þétt aukist í Reykjavík og tekið kipp allra síðustu ár og samhliða því er þörf á fjölbreyttu framboði húsnæðiskosta og auknu framboði húsnæðis fyrir alla félagshópa. Ekki síst er þörf á leigu- og búseturéttaríbúðum og húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur auk þess sem þörf hefur aukist fyrir húsnæðisúrræði fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustuparfir.

2.b. Þátttaka allra

Staðan í dag

Reykjavíkurborg hefur lengi lagt mikla áherslu á þátttöku og samráð við íbúa. Lýðræðisverkefni borgarinnar hafa vakið athygli um allan heim og íbúar geta í dag tekið þátt í að skipuleggja sitt nærumhverfi til framtíðar, og ráðstafað og forgangsraðað peningum í nýframkvæmdir og viðhald. Ákveðnir þjóðfélagshópar taka síður þátt en aðrir og það hefur meðvitað verið reynt að skilja ástæður þess og gera breytingar svo raddir fjölbreyttra hópa fái að heyrast. T.d. er vitað að börn og unglingar af erlendum uppruna taka síður þátt í íþrótt- og tómstundastarfi en börn af íslenskum uppruna og atvinnuþátttaka fatlaðs fólks er minni en fólks sem ekki er fatlað. Alltaf þarf að skoða þátttöku og samráð út frá þeim

hópum sem þar taka helst þátt og grípa til aðgerða í því skyni að ná til annarra. Það er allra hagur að hlusta á og taka tillit til fjölbreyttra sjónarmiða.

Þátttaka í lýðheilsustarfi í Reykjavík felst ekki síst í hinu frjálsa starfi sjálfboðaliða sem starfa t.d. á vettvangi íþróttafélaganna, og í öðru tómstunda- og félagsstarfi af ýmsum toga, en án þeirra þátttöku væri ekki unnt að halda úti nema broti þess heilsueflingar- og forvarnastarfs sem nú er.

Á síðustu árum hefur kvíði aukist hjá öllum aldurshópum í borginni, svefnvenjur þróast til verri vegar og einmanaleiki aukist. Það er mikilvægt að sporna gegn þessari þróun með áherslu á jafnvægi milli vinnu og einkalífs, vinna með þætti sem auka jöfnuð til heilsu og auðvelða fólki að hægja á taktinum og njóta augnabliksins.

Unnið er að hönnun manngerðs umhverfis í borginni með aðgengi fyrir alla í huga í samstarfi við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks eða eftir atvikum með gátlista umhverfis- og skipulagssviðs um aðgengismál til hliðsjónar. Það sama gildir þegar unnið er að endurbótum í aðgengismálum í húsnæði borgarinnar og á svæðum í borginni. Þörf er á að auka yfirsýn um hvar aðgengi er gott með tilliti til allra hópa og hvar má bæta úr því.

2.c. Öryggi og friður

Staðan í dag

Neyðarástand getur skapast þegar öryggi og innviðum samfélagsins er ógnað, svo sem vegna náttúruvárs, þegar umhverfi og heilsu er ógnað og þegar tæknivá eða annars konar hættuástand skapast. Reglulega þarf í Reykjavík að bregðast við þegar óveður geisa yfir eða annars konar náttúruvá steðjar að. Það sýndi sig á árinu 2020 að farsóttir virða engin mörk eða landamæri og eru líklegar til að bitna á þeim sem þegar eru verst settir. Í viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar er gerð grein fyrir forgangsverkefnum sviða og skrifstofa í neyðarástandi og hvað telst samfélagslega mikilvæg þjónusta og hvernig hana á að tryggja sem best. Áætlunin er unnin í samræmi við stigskiptingu og tilmæli almannavarna og við gerð hennar er m.a. stuðst við sveitarstjórnarlög, lög um almannavarnir, lög um sóttvarnir og reglugerð um flokkun almannavarnastiga.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda, jafnréttis og lífs án fordóma eða mismununar og að enginn þurfi að búa við ofbeldi af einhverju tagi. Reykjavíkurborg hefur um nokkurt skeið, í samvinnu við aðrar stofnanir og grasrótarsamtök,

einbeitt sér að því að vinna gegn ofbeldi. Áskoranirnar eru þrátt fyrir það margvíslegar og um leið og aðstæður breytast í samfélaginu getur ofbeldi á ákveðnum sviðum aukist eins og hefur sýnt sig á tímum Covid-19 þegar heimilisofbeldi hefur aukist.

Borgarstjóri hefur skrifað undir viljayfirlýsingu, ásamt fjölmörgum öðrum borgarstjórum, þess efnis að ná niður ofbeldi í borginni um 50% á tímabilinu 2020 til 2030. Tengt þeirri vinnu verða settir fram mælikvarðar til að sjá hvernig því verkefni miðar áfram. Þá er unnið að ofbeldis- og slysavörnum undir forystu ofbeldisvarnarnefndar, velferðarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.

Reykjavík er borg friðar, og rekur í samstarfi við Háskóla Íslands friðarsetur með það að markmiði að stuðla að þverfræðilegum og alþjóðlegum rannsóknum í friðar- og átakafræðum, ýta undir upplýsta stefnumótun og aukið framboð á kennslu og fræðslu fyrir almenning á sviði friðar- og átakafræða.

3.a. Samstarf um heilbrigða borg

Staðan í dag

Starfandi er þverfaglegur stýrihópur, með fulltrúum allra sviða, Rannsókna og greiningar og landlækni. Hópurinn hefur það markmið að styrkja sem kostur er faglegan grundvöll stefnumótunar og aðgerða er varða lýðheilsu í Reykjavík og vinna markvisst að heilsueflingu og aukinni lýðheilsu með áherslu á:

(i) heilsueflandi samfélag – heilsueflandi hverfi, (ii) heilsueflandi skóla og (iii) aukinn jöfnuð.

Fjölmarginir samstarfsvettvangar um heilbrigða borg eru starfandi, m.a.:

- Samráðshópur um lýðheilsu, mánaðarlegur samstarfsvettvangur verkefnastjóra lýðheilsu í hverfum á velferðarsviði, öðrum fulltrúum VEL auk SFS auk verkefnastjóri lýðheilsu SBB.
- Samráðshópur um forvarnir hefur haldið utan um innleiðingu forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014–2019.
- Lýðheilsu- og forvarnarteymi á skrifstofu SFS.
- Samráðsvettvangur æskulýðs- og forvarnafulltrúa á höfuðborgarsvæðinu um forvarnir (FÍÆT).
- Samráðshópur um unglíngamál í Reykjavík.

Á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara er starfandi verkefnastjóri lýðheilsu á skrifstofu borgarstjóra, sem hefur það hlutverk að leiða stefnumörkun borgarinnar á sviði lýðheilsu og hafa yfirumsjón með starfi hennar í Heilsueflandi samfélagi, auk þess að þjóna hlutverki tengiliðs við Heilsborgaverkefni Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Í þjónustumiðstöðvum borgarinnar eru starfandi verkefnastjórar sem leiða starf borgarinnar um Heilsueflandi hverfi, þar sem unnið er að heilsueflingar- og forvarnarverkefnum með aðferðum Heilsueflandi samfélags á forsendum hverfa borgarinnar. Verkefnastjórar stýra breiðum samráðsvettvangi margra aðila í hverfinu um heilsueflingu og forvarnir, þar sem koma saman m.a. Gróska, Fróðir foreldrar, skólar, skátafélög, íþróttafulltrúar, kirkjan, dansfélög, forvarnarfulltrúi framhaldsskólanna, fulltrúi foreldrafélags skólanna, verkefnastjórar, unglíngaráðgjafar þjónustumiðstöðvar, ungmennaráð hverfa og lögregla.

Samráð við almenning og upplýsingamiðlun um heilbrigða borg er mikilvægur hlekkur í samstarfi borgar við íbúa. Sífelld er verið að leita nýrra og betri leiða til að bæta upplýsingagjöf á forsendum íbúa og þetta samráð, m.a. formlegum og óformlegum könnunum, ýmiss konar upplýsinga- og samráðsfundum hverfanna, barnaþingum o.fl.

3.b. Reglulegar mælingar og byggt á gögnum

Staðan í dag

Ýmsir mælikvarðar eru til er varða lýðheilsu í Reykjavík sem fylgst er með og nýttir eru til stefnumótunar í borginni.

Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar voru gefnir út í fyrsta sinn árið 2019 og stefnt að því að gefa þá út árlega. Áhersla er lögð á að mæla það sem borgin getur haft áhrif á í sínu starfi.

Skólakannanir Rannsókna og greiningar hafa verið lagðar fyrir reglulega í Reykjavík síðan árið 1997, fyrir 5.-10. bekk og framhaldsskólanema.

Skólapúlsinn er könnun meðal nemenda í 6. -10. bekk þar sem spurt er um þætti er varða virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu og skóla og bekkjaranda. Úrtök nemenda svara könnuninni jafnt og þétt yfir skólaárið, og niðurstöðurnar birtast líka jafnt og þétt yfir skólaárið.

VELSTAT er vefur þar sem aðgengileg er tölfræði yfir notendur og þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Upplýsingarnar eru uppfærðar mánaðarlega ásamt því að þar er aðgengileg árstölfræði sviðsins.

Hagir og líðan eldri borgara er könnun á vegum velferðarsviðs borgarinnar, félagsmálaráðuneytisins og Landssambands eldri borgara. Könnunin er framkvæmd á fjögurra ára fresti.

Lýðheilsuvísar Embættis landlæknis eru gefnir út árlega. Marga vísanna má nálgast fyrir Reykjavík sérstaklega.

Mælaborð borgarbúa er lifandi upplýsingaveita um þjónustu og rekstur Reykjavíkurborgar.

Borgarvaktin er velferðarvakt sem er ætlað að vakta afleiðingar COVID-19 faraldurins á aðstæður borgarbúa og atvinnulífið.

<https://reykjavik.shinyapps.io/borgarvaktin/>

<https://maelabord.reykjavik.is/extensions/MaelabordBorgarbua/index.html>

3.c. Sjálfbært velsældarhagkerfi

Staðan í dag

Stöðumat á sjálfbæru velsældarhagkerfi í Reykjavík er flókið viðfangsefni, sem nær m.a. yfir allt það sem þegar hefur verið fjallað um í stöðumati annarra þátta stefnunnar. Mælikvarðar lýðheilsustefnunnar munu allir gefa nokkurs konar heildarmynd af stöðunni á þessu markmiði.

Verið er að innleiða notkun gátlista Heilsueflandi samfélags bæði miðlægt og í hverri þjónustumiðstöð borgarinnar, þar sem unnt verður að taka stöðuna árlega með skipulögðum hætti.

Þá er framundan innleiðing staðalsins ISO-37120 um sjálfbærar borgir og samfélög (WCCD), sem mun gera það kleift að fylgjast með mörgum mælikvörðum sem varða sjálfbært velsældarhagkerfi. Staðalnum er m.a. ætlað að vera mælikvarði á innleiðingu Græna plans Reykjavíkur sem er sóknaráætlun og yfirstefna borgarinnar og hefur það að markmiði að borgin verði efnahagslega, umhverfislega og félagslega sjálfbær.

VII. Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar

Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar komu fyrst út árið 2019 og stefnt að því að gefa þá út árlega. Við val á lýðheilsuvísam fyrir Reykjavíkurborg var áhersla lögð á vísa sem hafa tengsl við verk- og valdsvið borgarinnar og stefnumótun í málaflokknum. Haft var samráð við Embætti landlæknis, og lýðheilsuvísar þeirra á landsvísu hafðir til hliðsjónar í vinnunni. Farið var yfir hvaða gögnum væri þörf á við stefnumótun og þeirra gagna aflað sem hægt var og ekki voru þegar í vörslu borgarinnar. Leitað er leiða til að afla þeirra gagna sem þörf er á en ekki eru aðgengileg nú þegar af einhverjum ástæðum. Þeim verður bætt við lýðheilsuvísana þegar mögulegt er.

Lýðheilsuvísar eru notaðir til að upplýsa stefnumótun í lýðheilsu hjá Reykjavíkurborg. Ekki eru allir lýðheilsuvísar sem safnað er birtir, sumir eru eingöngu nýttir í innra starfi borgarinnar. Við val á lýðheilsuvísam til birtingar er meginreglan sú að með birtingu er leitast við að velja vísa sem gefa heildstæða, raunsæja og lýsandi mynd af heilsu í Reykjavík, falla að öllu eða einhverju leyti undir verk- og valdsvið borgarinnar og innihalda ekki viðkvæmar upplýsingar eins og niðurbrot á einstök hverfi eða skóla, eða persónugreinanlegar upplýsingar.

Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar 2019.

Lýðheilsuvísar Reykjavíkurborgar 2020 (Áætluð birting maí 2021).

VIII. Úr viðauka með aðalskipulagi Reykjavíkur – Heilsuborgin

Sýn til lengri tíma

Heilsuborgin

Lýðheilsa og borgarskipulag

Lýðheilsustefna Reykjavíkur hefur það að markmiði að skapa umhverfi og aðstæður sem auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar hafi tækifæri á að njóta lífsins í sátt og samlyndi, þar sem enginn er skilinn eftir.

Hið byggða umhverfi og skipulag getur bæði stutt við heilbrigði eða unnið gegn því. Fyrir hundrað árum var slæmur aðbúnaður, lélegur húsakostur, opin holræsi og óöruggt aðgengi að hreinu vatni meðal stærstu áskorana í heilbrigðismálum Reykvíkinga. Aðgengi að heilnæmum mat, hreinu lofti og umhverfi sem stuðlar að hreyfingu er enn þann dag í dag í hópi stórra áskorana ásamt félagslegum ójöfnum.

Fjölmarginir þættir í aðalskipulagi borgarinnar skipta máli við að skapa heilsuborg og vinna gegn áhrifaþáttum sjúkdóma. Ferðavenjur og samgöngumáttar, umferðarslys og loftgæði eru þar nátengd samgöngustefnu og þeirri umbreytingu á því sviði sem stefnt er að. Aðgengi að grænum svæðum, sundlaugum, íþróttamannvirkjum og aðstöðu til útivistar í öllum hverfum skiptir líka miklu máli. Markmið um félagslega blöndum og jöfnuð gegna lykilhlutverki til að auka traust, félagsauð og vinna gegn áhrifum ójafnaðar, sem er einn sterkasti áhrifaþáttur vanheilsu og sjúkdóma.

Borgin á líka í sögu sinni fjölmörg dæmi af því að hafa snúið heilsufarsvanda í styrkleika. Vatnsveita Reykjavíkinga er þar frábært dæmi. Sundlaugarnar sömuleiðis. Áskoranir fyrir heilsu okkar og líðan geta verið mismunandi á ólíkum tímum. Fyrir nokkrum áratugum var áfengisneysla unglunga í Reykjavík stór áskorun en með markvissum lýðheilsuáðgerðum tókst að snúa þeirri þróun til betri vegar. Sá árangur hefur haldist vegna góðrar eftirfylgni sem felst m.a. í reglulegum mælingum og viðbrögðum við þeim. Reykjavík fór á tuttugu árum frá því að vera sú borg í Evrópu með mesta unglíngadrykkju og reykingar í að vera sú borg þar sem fæstir unglíngar smökkuðu áfengi og prófuðu tóbak.

Aðalskipulag borgarinnar og eftirfylgni með því, á að fela í sér sömu vinnubrögð og lengi hafa viðgengist í forvarnarstarfinu gagnvart þeim þáttum sem snúa að lýðheilsu. Fylgjast á með þróun heilsu og líðanar og áhrifaþátta heilbrigðis, leggja mat á helstu áskoranir, mæla árangur og gera tillögur að

áðgerðum og viðbrögðum eins og þarf. Til að geta komið til móts við áskoranir hvers tíma, þurfum við að innleiða vinnulag sem tryggir vöktun helstu áhrifaþátta heilsu og vellíðanar og tryggja að brugðist verði við með viðeigandi hætti, byggt á bestu þekkingu. Það er skynsamlegt að skilgreina áhrifaþætti heilbrigðis í samhengi við stefnu í skipulagsmálum og horfa til þess þegar teknar eru ákvarðanir um hvaða mælikvarða eigi að leggja til grundvallar við samþykkt og eftirfylgni nýrrar lýðheilsustefnu borgarinnar.

Við viljum öll eiga gott líf, við viljum njóta lífsins og vera hamingjusöm. Lýðheilsustarf snýst ekki bara um að bæta árum við lífið heldur líka lífi við árin. Aðalskipulag Reykjavíkur er mikilvægt tæki til að gera þetta að veruleika og gera Reykjavík að sannri heilsuborg.



„Borgarumhverfið er einn helsti áhrifaþáttur á heilsu og vellíðan íbúa. Rannsóknir sýna að með markvissum áðgerðum við hönnun bygginga og hverfa má stuðla að bættri heilsu og vellíðan, draga úr fjölda veikindadaga, auka framleiðni starfsfólks og bæta námsárangur í skólum...“

AR2010-2030, Græna borgin, bls.83

„Þá er einn meginþáttur skipulagsins, að bærinn verði svo úr garði gerður, að heilbrigði bæjarbúa sje sem minst hætta búin. Þetta atriði fljettast inn í alla aðra þætti skipulagsins og þess verður aldrei gætt sem skyldi nema leitað sje ráða og umsagnar hæfs læknis. Það er ekki að ástæðulausu, að skipulag bæja er gert að sjerstökum, þýðingarmiklum þætti í heilbrigðisfræði, og telst að því leyti til læknisfræði...“

Guðmundur Hannesson, Um Skipulag bæja, 1916, bls. 131.